



ÍTAREFNI FYRIR

GÁTLISTA

Á leið til sjálfbærrar ferðapjónustu

Efnisyfirlit

Gátlisti og ítarefni.....	5
1 Stefnumótun og starfshættir.....	6
Hvers vegna?	6
Hvernig?	6
Semja yfirlýsingu (1.1)	6
Starfsfólk fyrirtækis (1.2, 1.3, 1.4, 1.5)	7
Mat á frammistöðu (1.6, 1.7, 1.8, 1.9)	8
Tenglasafn fyrir stefnumótunargerð	8
2 Innkaup og auðlindir.....	9
Hvers vegna?	9
Hvernig?	9
Vistvæn innkaup (2.1, 2.2).....	9
Viðskipti við nærsamfélag (2.3, 2.4).....	10
Umbúðir og notagildi (2.5, 2.6)	10
Notkun eiturefna (2.7).....	10
Umhverfis- og önnur merki (2.8, 2.9)	11
Vatn (2.10, 2.11, 2.12)	12
Byggingaframkvæmdir (2.13)	14
Tenglasafn fyrir innkaup og auðlindir.....	14
3 Orka	15
Hvers vegna?	15
Hvernig?	15
Viðhald tækja (3.1, 3.2)	15
Mælingar, skráningar og áætlanagerð (3.3, 3.4).....	15
Orkusparnaður (3.5, 3.6, 3.7)	15
Vistakstur (3.8)	16
Viðhald ökutækja (3.9)	16
Eldsneytismöguleikar (3.10)	17
Ferðamátar (3.11, 3.12).....	17
Tenglasafn fyrir orkusparnað	18
4 Úrgangur.....	19
Hvers vegna?	19
Hvernig?	19
Dregið úr úrgangi (4.1)	19
Endurnýting (4.2, 4.3).....	19

Endurvinnsla (4.4, 4.5, 4.6, 4.7, 4.8).....	20
Eitraður úrgangur (4.9, 4.10, 4.11).....	21
Lífrænn úrgangur (4.12)	21
Vinna með sveitarfélögum (4.13).....	22
Tenglasafn fyrir úrgang.....	22
5 Náttúruvernd.....	23
Hvers vegna?	23
Hvernig?	23
Uppgræðsla og ágengar tegundir (5.1, 5.2).....	23
Fráveitumál (5.3, 5.4)	24
Bættar merkingar (5.5).....	25
Rannsóknir (5.6)	25
Náttúruverndarsamtök (5.7)	25
Gróðurhúsalofttegundir (5.8).....	26
Fræðsla (5.9).....	27
Neikvæð áhrif starfseminnar (5.10)	27
Lausagangur bifreiða (5.11).....	28
Bætt aðgengi (5.12).....	28
Tenglasafn fyrir náttúruvernd	28
6 Samfélag	29
Hvers vegna?	29
Hvernig?	29
Samfélagsstuðningur og góðgerðarmál (6.1, 6.2, 6.3, 6.4)	29
Samstarf og þátttaka (6.5, 6.6, 6.7).....	30
Kraftar nærsamfélags (6.8, 6.9, 6.10).....	31
Sýnileiki í samfélaginu (6.11, 6.12)	31
Tenglasafn fyrir samfélags þátttöku.....	32
7 Birgjar og markaður.....	33
Hvers vegna?	33
Hvernig?	33
Samstarf (7.1, 7.2)	33
Ábyrg og örugg notkun vöru/þjónustu (7.3)	33
Kanna stöðu og leita tækifæra (7.4, 7.5, 7.6).....	34
Áhrifavöld (7.7, 7.8, 7.9, 7.10).....	35
Tenglasafn fyrir birgja og markað.....	35

8 Upplýsingar til viðskiptavina.....	36
Hvers vegna?	36
Hvernig?	36
Hvatning viðskiptavina (8.1, 8.2, 8.3)	36
Upplýsingagjöf um íslenskt umhverfi (8.4, 8.5, 8.6)	36
Upplýsingagjöf um sjálfbærni fyrirtækisins (8.7, 8.8, 8.9).....	37
Tenglasafn fyrir upplýsingar til viðskiptavina	37
Viðauki	38
Dæmi um yfirlýsingar á umhverfissviðinu	38

Gátlisti og ítarefni

Ferðamálastofa hefur látið vinna einfaldan gátlista til að hjálpa stjórnendum að greina hvar fyrirtækið er stadd á leið sinni í átt að sjálfbærri ferðaþjónustu. Gátlistinn er hluti af umhverfiskerfi Vakans. Hann er hægt að nota sem grunn að umhverfis- eða sjálfbærnistefnu fyrirtækisins og einnig sem grunn að aðgerðaráætlun í þessum málaflokki. Gátlistinn má finna á heimasíðu VAKANS undir „gátlistar og hjálpargögn“.

Ítarefni þetta hefur að geyma upplýsingar fyrir þá sem eru í ferlinu að fylla út gátlista umhverfisflokunarkerfisins VAKINN „Á leið til sjálfbærrar ferðaþjónustu“.

Gátlistinn hefur að geyma átta höfuðflokka og fær hver þeirra sitt pláss í ítarefninu. Undir hverjum flokk má finna hugmyndir og ráðleggingar um mögulegar leiðir ferðaþjónustufyrirtækja til að leggja sitt af mörkum til umhverfis- og samfélagsmála.

Hefur ítarefnið verið sett upp með það að leiðarljósi að auðvelt sé að kynna sér betur hvern þátt gátlistans. Fyrirtæki sem t.d. er að fylla út flokk 3 sem fjallar um orku, stoppar við þátt 3.8 „Þjálfa bílstjóra í vistakstri“ getur farið í 3 kafla handbókarinnar og leitað sér frekari upplýsinga um hvað vistakstur felur í sér og kosti þess að huga að vistvænum akstri.

Í lok hvers kafla má svo finna tenglasafn fyrir málaflokkinn þar sem vísað er á ýmsar heimasíður sem geta veitt enn ítarlegri upplýsingar.

1 Stefnumótun og starfshættir

Hvers vegna?

Umhverfis- eða sjálfbærnistefna er yfirlýsing fyrirtækisins um helstu áherslupætti í umhverfismálum. Kjarninn í stefnunni á að fela í sér að viðvera sérhvers einstaklings, ferðamanns og/eða þjónustuaðila, skerði ekki ásýnd og gæði þess umhverfis sem fyrir er, með komandi kynslóðir í huga. Í henni koma einnig fram tiltekin atriði á borð við fyrirheit um að fylgja lögum og reglum, vinna að stöðugum úrbótum og nota endurnýjanlegar auðlindir eftir föngum. Þar á líka að vera ákvæði um birtingu stefnunnar og endurskoðun. Stefnan er grunnur að hvers konar aðgerðaáætlunum þar sem hægt er að setja skýr og mælanleg markmið sem byggjast á stefnu fyrirtækisins. Fyrsta skrefið í átt að sjálfbærari rekstri fyrirtækis verður ætíð að vera stefnumótunargerð og felur hún í sér endurskoðun starfshátta. Án stefnumótunar verður öll vinna ómælanleg og erfitt að meta raunverulegan árangur. Fyrirtækið þarf að vita hvar það stendur svo mögulegt sé að stíga næstu skref og bæta það sem bæta þarf.

Stefnumótun er langtímaferli sem ætlað er að leiða í ljós hvert verið sé að stefna og hvernig best er ná því marki. Stefnumótunin hefur áhrif á vörur, þjónustuna sem veitt er, starfsmenn fyrirtækisins, birgjana og viðskiptavini. Ný stefnumótun hefur í för með sér breytingar og getur ekki farið fram án undirbúningsvinnu þar sem innra og ytra umhverfi fyrirtækisins er skoðað ítarlega.

Hvernig?

Semja yfirlýsingu (1.1)

Engin ein leið er rétt þegar kemur að þróun umhverfis- eða sjálfbærnisstefnu enda þarf hún að endurspeglar starfsemi fyrirtækisins og áhrif þess á umhverfið. Góð byrjun væri að setja upp markmiðalista eða yfirlýsingu sem inniheldur helstu markmið og skuldbindingar sem fyrirtækið vill leggja í (sjá dæmi um yfirlýsingar í viðauka). Öll markmið þurfa að vera mælanleg, möguleg, raunhæf og innan fyrirfram ákveðins tímaramma. Umhverfisstefna er ekki endanlegt skjal heldur á að vera í þróun og krefst sífelldrar endurskoðunar. Þeir sem hyggja á slíka stefnumótun ættu að byrja á því að skoða umhverfi sitt og svara þremur eftirfarandi spurningum.

1. Hver er núverandi staða fyrirtækisins þegar kemur að umhverfismálum og sjálfbærni?

Margs konar undirbúningsvinna fer vanalega fram þar sem fyrirtæki greina stöðu sína á í umhverfismálum, framkvæma mælingar, skoða hvað aðrir eru að gera og þá möguleika sem þeim standa til boða.

2. Hvert viljum við stefna þegar kemur að þessum þáttum?

Næsta skref fyrir fyrirtæki er að setja sér markmið, bæði til skammstíma og langtíma. Þessi markmið geta verið lítil eða stór, falla einungis að einum hluta rekstursins eða verið sett fram í nokkrum skrefum. Út frá þessum markmiðum verður síðan hin eiginlega umhverfisstefna til.

3. Hvaða leiðir eru mögulegar til að ná markmiðum okkar?

Það getur verið flókið að færa umhverfisstefnuna yfir á hverja einingu fyrirtækisins en hún þarf að skila sér til starfsfólks og starfshátta þess, til vöruþróunar og til viðskiptavina. Til þess að umhverfisstefnan skili árangri verða allir starfsmenn að stefna að sama markmiði, allar áætlanir verða að vera gerðar með stefnuna til hliðsjónar, fylgjast þarf með stöðu mála, greina niðurstöður eftirlits, skoða gagnsemi og skilvirkni og endurmeta og bæta eins og þarf.

Starfsfólk fyrirtækis (1.2, 1.3, 1.4, 1.5)

Margir sem hafa unnið við stefnumótun eru sammála um að lykilatriði til árangurs þegar kemur að innleiðingu stefnu séu meðal annars:

- Að upplýsingaflæði sé tryggt og starfsfólk virkt.
- Að starfsfólk sé þjálfað til að koma nýrri stefnu í framkvæmd og að starfsfólki sé veittur stuðningur.
- Að starfsfólki sé sýnd tryggð og skyndisigrar skapaðri svo starfsfólk sjái jákvæðar breytingar.

Það er því augljóst að starfsfólk fyrirtækisins er lykilþátturinn í að umhverfis-/sjálfbærnisstefnan skili settum árangri. Stefnuna og markmiðasetningu hennar er því tilvalið að vinna í samstarfi við starfsmenn fyrirtækisins, þeir hafa þekkingu á sínu starfi og verkefnum og því hæfastir til þess að koma með tillögur um raunhæf markmið. Sem þátttakendur í slíkri stefnumótun verður ábyrgðarkennd starfsmanna gagnvart markmiðum meiri en ef henni er þröngvað upp á þá af stjórnendum.

Með því að gera starfsmenn að þátttakendum í ferlinu eru þeir hvattir til að láta í ljós skoðanir sínar og hugmyndir hvað varða umhverfisvernd og samfélagslega ábyrgð. Þátttakan getur einnig haft styrkjandi áhrif á umhverfisvitund starfsmanna þar sem þeir kynna sér málefnið frekar. Að auki er hægt að sækjast eftir utanaðkomandi umhverfisfræðslu og aðstoð við að auka þekkingu starfsmanna á umhverfismálum. Mikilvægast er þó að allir starfsmenn fyrirtækisins þekki umhverfisstefnu fyrirtækisins og markmið hennar séu hluti af daglegum störfum starfsmanna en ekki aðeins skjal sem liggur í skúffu og sér ekki dagsins ljós.

Umhverfis- eða sjálfbærnisstefnan þarf einnig að vera sýnileg út á við, þ.e. fyrir viðskiptavinum fyrirtækisins. Hana er hægt að gera sýnilega á heimasíðu og öðru kynningarefni en þar að auki fellur það oft í hlut starfsmanna að passa upp á viðskiptavinir séu meðvitaðir um stefnu fyrirtækisins. Þetta á sérstaklega við innan ferðapjónustunnar þar sem erlendir ferðamenn eru ókunnir því umhverfi sem þeir ferðast um. Upplýsingagjöf til ferðamanna er oft í höndum starfsmanna og því mikilvægt að starfsfólk sé með stefnu fyrirtækisins á hreinu (sjá frekar í kafla átta um upplýsingar til ferðamanna).

Mat á frammistöðu (1.6, 1.7, 1.8, 1.9)

Reglulegt frammistöðumat fyrirtækisins þegar kemur að sjálfbærni er skynsamlegt. Þá er gert mat á fjárhagslegri-, umhverfislegri- og að lokum samfélagslegri frammistöðu fyrirtækisins. Markmið sjálfbærrar ferðapjónustu er einmitt að vega og meta þessa þrjá þætti og finna leið til jafnvægis á milli þeirra í rekstrinum.

Þegar markmið hafa verið sett og reglulegt frammistöðumat hefur verið framkvæmt má setja niðurstöður saman í skýrslu. Þannig hefur fyrirtækið og starfsfólkið í höndunum samantekt á þeirri vinnu sem lagt hefur verið í og hvernig til tókst. Út frá frammistöðumati og skýrslunni má svo skipuleggja áframhaldandi sjálfbærnisstarf fyrirtækisins.

Tenglasafn fyrir stefnumótunargerð

Í tenglasafni má finna tengla á heimasíður nokkurra ráðgjafafyrirtækja sem aðstoða fyrirtæki við mótun og innleiðingu umhverfisstefnu. Athugið að listinn er ekki tæmandi og fjölmargar leiðir færar til þess að auka þekkingu sína á stefnumótunargerð.

Environice eða Umís: <http://www.umis.is>, Alta <http://www.alta.is/>, VSO ráðgjöf <http://www.vso.is/>. Að auki má hér finna tengla á umhverfis- og sjálfbærnisstefnur nokkurra stofnanna og fyrirtækja sem gefa hugmynd um hvernig slík stefna eða yfirlýsing gæti litið út.

[Umhverfis- og sjálfbærnisstefna Ferðamálastofu.](#)

[Umhverfisstefna Umhverfisstofnunnar.](#)

[Umhverfisstefna Íslenskra fjallaleiðsögumanna.](#)

[Sjálfbærnisstefna Ferðapjónustu bænda.](#)

[Umhverfisstefna Eldhesta.](#)

2 Innkaup og auðlindir

Hvers vegna?

Líkt og kemur fram í Ferðamálaáætlun er sjálfbær og umhverfisvæn ferðapjónusta forsendur þess að sérstaða landsins og ímynd haldist óspillt. Náttúran og náttúrulegar auðlindir eru mikilvægur þáttur í sérstöðu landsins og ekki síst aðdráttarafli í ferðapjónustu. Framtíð, afkoma og velferð greinarinnar veltur því að mörgu leyti á sjálfbærri nýtingu og verndun auðlinda.

Með vistvænum innkaupum, minni notkun eiturefna og með því að draga úr vatnsnotkun má leggja sitt af mörkum til að vernda náttúruauðlindir þjóðarinnar og stærsta aðdráttarafli ferðapjónustunnar. Skilvirk vistvæn innkaupastefna getur ekki aðeins dregið úr neikvæðum umhverfisáhrifum heldur einnig lækkað kostnað. Það er mögulegt vegna þess að komið er í veg fyrir óþörf innkaup, sem og að óþarfur eftirfylgnikostnaður hverfur.

Hvernig?

Vistvæn innkaup (2.1, 2.2)

Vistvæn innkaup er að velja þá vöru eða þjónustu sem er síður skaðleg umhverfinu eða heilsu manna og ber sama eða lægri líftímakostnað samanborið við aðrar vörur og þjónustu sem uppfylla sömu þörf.

Með vistvænum innkaupum er reynt eftir mesta megni að koma í veg fyrir ónauðsynleg innkaup með því að skoða raunverulega þörf fyrir vöru. Við innkaup er miðað við að kaupa umhverfisvæna vöru sem er af sömu eða svipuðum gæðum og með svipaða virkni og hefðbundni valkosturinn. Tekið er tillit til líftímakostnaðar vöru og þjónustu en með því er átt við kostnað yfir allan líftíma vörunnar þ.e.a.s. innkaup, rekstur, viðhald og förgun. Að auki er haft til hliðsjónar samanlögð umhverfisáhrif á lífsferli vörunnar; frá framleiðslu vörunnar, í gegnum flutning, við neyslu og að lokum við förgun hennar.

Í upphafi er best að byrja á fáum atriðum og einföldum, til dæmis á einni vörutegund eða kaupa vörur með umhverfis- eða orkumerkjum. Síðan er hægt að fjölga vörunum sem keyptar eru inn eftir grænu innkaupastefnunni. Gott er að leita sér aðstoðar annarra aðila sem farið hafa af stað og læra af reynslu þeirra.

Vistvæn innkaup geta tekið til pappírs og prentverks, raftækja, efnavöru s.s. hreinlætisefna og prenthylkja, bifreiða, timburs, ljósapera, húsgagna og í raun alls sem kaupa þarf inn vegna reksturs fyrirtækis. Ýmsir aðilar veita svo umhverfisráðgjöf varðandi nýframkvæmdir eða

breytingar á atvinnuhúsnæði svo sem gerð umhverfismats, ráðleggingar varðandi náttúruvernd, skipulagsmál og mengunarmál svo fátt eitt sé nefnt.

Viðskipti við nærsamfélag (2.3, 2.4)

Ein af þremur meginstoðum sjálfbærrar ferðamennsku er stuðningur og góð samskipti við nærsamfélög. Að þessu má stuðla með viðskiptum við heimamenn auk þess sem vöruflutningar um langar vegalengdir hafa neikvæð og oft óþörf áhrif á umhverfið.

Matvælainnkaup fyrir gisti- og veitingastaði eru hér gott dæmi en inni á heimasíðunni [Beint frá býli](#) má finna allskyns matvæli til sölu beint frá bónda eftir vöruflokkum og/eða eftir landshluta.

Að auki er skynsamlegt að skipuleggja innkaup vel og panta stærri einingar og má þannig fækka ferðum og draga úr mengun og útblástri gróðurhúsalofttegunda (sjá frekar í kafla 6 um samfélag og kafla 7 um birgja og markað).

Umbúðir og notagildi (2.5, 2.6)

Gríðarlegt magn umbúða fylgir þeim vörum sem við kaupum frá degi til dags. Stór hluti þess sem við kaupum fer í ruslið án þess að vera notað en samkvæmt umhverfissviði Reykjavíkurborgar er talið að árið 2008 hafi verðmæti matar sem hent var hér á landi verið um 3.4 milljarðar. Stór hluti úrgangs er urðaður en við rotnun úrgangsins í urðunarstaðnum myndast hauggas sem í eru gróðurhúsalofttegundir. Magn gróðurhúsa-lofttegunda sem myndast ræðst m.a. af magni úrgangsins og hlutfalli lífrænna efna. Þeim mun minna sem hent er þeim mun minna losnar af gróðurhúsalofttegundum.

Lykilatriði er því að kaupa vörur án, eða í sem minnstum umbúðum. Sumar umbúðir er hægt að endurnýta en forðast skal að kaupa einnota vörur og pakkningar ef mögulegt er. Oft er hægt að biðja sérstaklega um að vörunni sé ekki pakkað í auka eða óþarfar umbúðir og hafa þannig áhrif á birgjana sem fyrirtækið á í viðskiptum við.

Notkun eiturefna (2.7)

Á Norðurlöndunum einum eru árlega notuð um 73.000 tonn af hreinsiefnum. Draga má gríðarlega úr notkun þeirra og hvetja til mun skynsamlegri nota. Auk þess að kaupa umhverfisvottuð hreinsiefni má miklu breyta með rétttri notkun hreinsiefna. Til þess að tryggja að sóttahreinsunarefni virki eins og til er ætlast þarf það að vera rétt þynnt, hitastig þarf að vera rétt og gefa þarf efninu tíma til að verka. Of mikil sápunotkun gerir gólfefni „skýjuð“ svo þau líta út fyrir að vera skítug þegar lausnin felst yfirleitt einmitt í því að minnka sápunotkun. Þegar kemur að gólfdukkum má heldur ekki gleyma að bón leysist upp í hitaveituvatni og því skal nota kalt, í mesta lagi ilvolgt vatn við þrif á gólfdukkum.

Umhverfis- og önnur merki (2.8, 2.9)

Á hverjum degi móttekur maðurinn gríðarlegan fjölda skilaboða á umbúðum og í auglýsingum. Okkur er sífellt sagt að þessi vara sé umhverfisvæn, vistvæn, græn, holl og heilnæm og allskyns merki eiga að sannfæra okkur um ágæti þeirra. Mikið er um grænþvott þar sem vara er sögð umhverfisvænni en hún í rauninni er og því er ætíð skynsamlegt að kynna sér vel vöruna og framleiðslu hennar. Ekki eru þó öll umhverfismerki ótraustverðug og vel þess virði að kynna sér hvað þau standa fyrir.

Að auki eru í umferð fjöldi merkja sem ekki flokkast sem umhverfismerki en þau segja fyrir um annarskonar ágæti vörunnar. Dæmi um slíkt eru merki um lífræna ræktun og sanngjarna viðskiptahætti.

Svanurinn



Svanurinn er opinbert norrænt umhverfismerki. Strangar kröfur Svansins tryggja að Svansmerkt vara er betri fyrir umhverfið og heilsuna. Umhverfisviðmið Svansins eru unnin í samstarfi við sérfræðinga og fyrirtæki á sviðinu og eru endurskoðuð á nokkurra ára fresti til að tryggja stöðugar umbætur. Hægt er að Svansvotta tæpa 70 vöru- og þjónustuflokka og yfir 6000 vöru- og þjónustumerki bera nú merki Svansins.

Evrópublómíð



Evrópublómíð er umhverfismerki Evrópusambandsins. Í dag fást yfir 566 vörutegundir merktar Blóminu innan 28 vöruflokka eins og t.d. tölvur, jarðvegsbæti, málningu og lakk, textílefni, ljósaperur og skór.

Fairtrade



Vörur merktar Fairtrade gefa til kynna að stundaðir hafi verið sanngjarnir viðskiptahættir sem byggja á samstarfi milli framleiðenda og neytenda. Með Fairtrade fær framleiðandinn betra verð fyrir vöru sína og tekist er á við algengan valdaójöfnuð í alþjóðaviðskiptum. Þannig fær neytandinn möguleika á að draga úr fátækt í heiminum gegnum verslunarhætti sína. Fyrir frekari upplýsingar um Fairtrade má smella [hér](#).

Raftæki

Ákveðnum þáttum þarf að huga að þegar kemur að raftækja kaupum. Fyrstu vikurnar eftir að nýtt raftæki hefur verið keypt losnar mest af eitruðum innihaldsefnum út í andrúmsloftið s.s. kvikasilfur, kadmíum, blý, kopar, brómeruð eldtefjandi efni og plastefnið PVC. Því er mikilvægt að loftræsta vel í kringum raftækið fyrstu vikurnar sem það er í notkun. Raftæki ættu ekki að vera í svefnherbergjum og huga þarf sérstaklega vel að förgun þeirra.

Algengt er að sjá merki á raftækjum s.s. Energy star. Þessi merki segja til um aðeinn afmarkaður þáttur vörunnar hafi uppfyllt ákveðin skilyrði s.s. að þau séu sérlega sparneytin á rafmagn en merkin gerir ekki endilega kröfu um hráefnaval, notkun kemískra efna eða um orkusparnað í framleiðslu. Leitast skal við að kaupa umhverfismerkt raftæki þegar unnt er. Sem dæmi má nefna að Bræðurnir Ormson selja svansmerкта prentara og ljósritunarvélur.



Inni á vef Umhverfisstofnunar má finna lista yfir þau merki sem treysta má sem og þau sem ber að varast og gætu flokkast undir grænþvott. [Sjá hér](#)

Umhverfismerktar vörur

Fyrirtæki þar sem innkaup eru veigamikill rekstrarþáttur þurfa sérstaklega að huga að skynsamlegum innkaupaleiðum. Æ fleiri fyrirtæki eru farin að bjóða upp á umhverfisvænni valmöguleika þegar kemur að hreinsi- og þvottaefnum og allskyns pappír svo fátt eitt sé nefnt.

Hreinlætisvörur

Dæmi um fyrirtæki sem flytja inn og selja svansmerktar hreinsivörur, þvottaefni, WC pappír, handþurrkur og sápur.

[Tandur](#)

[Samkaup hf Reykjanesbæ](#)

[Rekstrarvörur](#)

[Servida ehf](#)

Pappír

Fjölmörg fyrirtæki selja umhverfisvottaðan pappír og umslög en hér eru aðeins örfá nefnd.

[Oddi](#)

[Gunnar Eggertsson](#)

[Penninn](#)

[Guðjón Ó](#)

Vatn (2.10, 2.11, 2.12)

Vatn er mjög takmörkuð auðlind á heimsvísu og gerir það Íslendinga að einni lánsömustu þjóð í heimi með sína 666.667 rúmmetrar á mann á ári. Vegna þessara gífurlegu ferskvatnsauðlinda hafa Íslendingar tamið sér gríðarlega sóun á vatni og er í dag vatnsfrekasta þjóð í heimi. Hver Reykvíkingur notar um 155 m³ eða 155.000 lítra af köldu vatni á ári. Í Vestmannaeyjum er drykkjarvatn af skornum skammti og notar hver íbúi þar aðeins um 46 m³ á ári af köldu vatni á ári. Æ oftast heyrast fréttir af þurrum sumrum,

sérstaklega á suðurlandi og þörf á vatnssparnaði hér á landi og því umhugsunarefni hvort Íslendingar þurfi ekki að taka þátt í aukinni alþjóðlegri áherslu á vatnssparnað.

Þegar kemur að heita vatninu eru Íslendingar meðvitaðri um notkun sína, enda greiðum við fyrir notkun þess. Margar leiðir eru okkur mögulegar til þess að draga úr hitavatnsnotkun.

Vatnssparandi búnaður

Húsnæði sem er vel einangrað þarf minni varma til upphitunar og ofnar nýtast betur. Tvöfalt gler einangrar hita betur en einfalt gler og með aukinni einangrun í þaki má oft spara mikinn varma. Góð regla er að hafa ekki glugga lengi opna þegar kalt er í veðri heldur loftræsa duglega í stuttan tíma og lækka stillinguna á ofnloka herbergisins á meðan og ekki byrgja ofna með húsgögnum.

Algengur hiti í húsum hér á landi er 23-25°C en samkvæmt Orkusetri sýna rannsóknir að 20°C innihiti er kjörhiti, þ.e. með tilliti til loftgæða og líðan íbúa. Hafa ber í huga að hitakostnaður hækkar um 7% ef hiti er hækkaður um eina gráðu.

Á hótelum ber að hafa í huga að þegar farið er í sturtu er notast við helmingi minna vatn en ef farið er í bað og kranar með einu handfangi sem einfalda hitablöndun vatns tryggja að minna vatn fer til spillis.

Að auki má fjárfesta í vatnssparandi blöndunartækjum og í sumum verslunum er hægt að fá vatnssparandi sturtuhausu sem sprauta um 6 lítrum á mínútu í stað hefðbundinna sem oft sprauta um 12 lítrum eða meira á mínútu.

Dregið úr vatnsnotkun

Fyrir utan tæknilegan búnað til að spara vatn eru til mun auðveldari leiðir sem þó geta haft mikil áhrif á vatnsnotkun. Einfaldir ávanar eins og að láta vatn ekki renna að óþörfu s.s. við uppvaskei telja fljótt og sturtur geta notað 1/3 hluta þess vatns sem fer í að fylla baðkar.

Þegar vökva á gróður og gras er góð ábending að vökva ekki þegar sól skín og uppgufun mikil en vökva heldur á kvöldin.

Kranavatn

Ferðamönnum er oft boðið vatn á flöskum í hópferðum. Hafa þarf í huga þá mengun sem hlýst af því að framleiða og flytja vatnið í verslanir en það þarf 1.500 sinnum meiri orku til að framleiða og flytja flöskuvatn heldur en sama magn af kranavatni.

Fræðsla til ferðamanna um gæði íslenska vatnsins og að bjóða einungis upp á kranavatn getur því haft gríðarlega jákvæð umhverfisáhrif. Í ferðum er mögulegt að bjóða t.d. upp á merktu vatnsbrúsa sem ferðamaðurinn getur fyllt á en brúsinn getur svo þjónað tilgangi minjagripa í lok ferðar.

Byggingaframkvæmdir (2.13)

Byggingariðnaðurinn er talinn ábyrgur fyrir um 40% af orku- og hráefnanotkun í Evrópu. Þegar kemur að byggingaframkvæmdum skipta þættir eins og orkumál, efnisval, staðarval og heilsuvernd miklu máli. Með auknum alþjóðasamþykktum hér á landi hafa kröfur um gæði og sjálfbærar byggingaframkvæmdir verið að aukast. Í vottunarkerfum byggingariðnaðarins má nú finna m.a. ákvæði um byggingarefni s.s að timbur verði að vera upprunavottað, efni megi ekki innihalda eitrefni og ekki vera of rokgjörn. Í anda sjálfbærni er einnig æskilegt að byggingarefni eigi uppruna sinn sem næst byggingarstað svo forðast megi óþarfa mengun vegna flutninga.

Ýmsar verkfræðistofur og ráðgjafar veita umhverfisaráðgjöf vegna framkvæmda. Sem dæmi má benda á [Verkfræðistofuna Eflu](#).

Vistbyggðaráð var stofnað í febrúar 2010 af 32 fyrirtækjum, stofnunum og sveitarfélögum. Tilgangur þess er að vera vettvangur á sviði sjálfbærrar þróunar við skipulag, hönnun, byggingu, rekstur og viðhald mannvirkja á Íslandi. Inni á heimasíðu Vistbyggðaráðs má finna fræðsluefni um vistvænar byggingar og hægt er að hafa samband við starfsmenn fyrir frekari aðstoð. [Sjá hér](#). Inni á heimasíðu [framkvæmdasýslu ríkisins](#) má einnig finna upplýsingar um vistvænar byggingar.

Tenglasafn fyrir innkaup og auðlindir

[Ítarlegar upplýsingar um vistvæn innkaup.](#)

[Handbók gefin út af Evrópusambandinu um vistvæn innkaup.](#)

[Bæklingur norrænu ráðherranefndarinnar „Góð kaup“ um vistvæn innkaup.](#)

[Heimasíða Vistbyggðaráðs.](#)

[Umhverfismerki og býðing þeirra.](#)

[Upplýsingar um Beint frá býli.](#)

[Upplýsingar um Fairtrade.](#)

[Efni til aðstoðar við vistvænar byggingaframkvæmdir.](#)

3 Orka

Hvers vegna?

Þar sem Íslendingar fá megnið af orkunni frá endurnýtanlegum orkugjöfum telja margir að mikil orkunotkun hafi ekki neikvæð áhrif á umhverfið og því lítil ástæða til þess að draga úr henni. Það er þó staðreynd að aukin orkunotkun gerir kröfu um aukna virkjun vatnsafls sem hefur áhrif á ásýnd landsins og lífríki þeirra vatnsfalla sem um ræðir.

Hægt er að ná fram orkusparnaði með betri orkunýtni þar sem sama niðurstaða fæst með minni orkuneyslu. Þegar upp er staðið leiðir orkusparnaður til fjárhagsleg sparnaðar og betra umhverfis.

Hvernig?

Viðhald tækja (3.1, 3.2)

Kæli- og hitakerfi eru tilvalin til að halda stöðugu hitastigi innanhúss eða á svæðum sem krefjast ákveðins hitastigs s.s. kæld tölvuver. Viðhald á hitakerfum getur falið í sér jafnvægisstillingu hitakerfis svo að einn ofn fái ekki of mikið vatn á meðan annar sveltur. Þannig þjónar hitakerfið hlutverki sínu best, nýting á hitaveituvatni er hámarkað og kostnaði haldið í lágmarki.

Það sama má segja um loftræstikerfi en kostir þess að vera með reglubundið viðhald á loftræstikerfum er betra loft og jafnara hita- og rakastig sem hefur áhrif á vellíðan starfsmanna og viðskiptavina, auk þess sem það getur leitt til lægri rekstrarkostnaðar.

Dæmi um fyrirtæki sem bjóða upp á vörur eða þjónustu tengda kæli- og hitakerfum.

[HS Veitur](#)
[Kælismiðjan Frost](#)

[Íshúsið](#)
[Rafbekking](#)

Mælingar, skráningar og áætlanagerð (3.3, 3.4)

Með eftirliti á orkunotkun má fljótt greina óvenjuleg frávik þ.e. of mikla orkunotkun eða vegna bilanna. Til að nákvæmt eftirlit sé framkvæmanlegt þurfa að vera til staðar hita- og þrýstimælar á réttum stöðum í lagnakerfi. Með reglubundnum aflestri, mælingum og samanburði má greina notkun og gera áætlun um leiðir til orkusparnaðar.

Orkusparnaður (3.5, 3.6, 3.7)

Gríðarlega margar leiðir er hægt að fara til að draga úr rafmagnsnotkun. Sem dæmi má nefna að hægt er að ná fram miklum orkusparnaði með því að notast við sparperur í stað glópera.

Inni á heimasíðu Orkusetsins má reikna þann sparnað sem hlýst af því að skipta út glóperum fyrir sparperur. [Sjá hér.](#)

Einnig skiptir máli að nota ekki stærri perur en þarf og ljósir litir á lofti og veggjum geta dregið úr ljósanotkun. Einfaldir þættir eins og að slökkva alltaf ljósin í herbergi þegar gengið er út sparar ekki aðeins rafmagn heldur sparar það einnig peninga.

Um 10% raforkunotkunar heimilistækja fer oft í svokallaða biðstöðu eða "Stand by" notkun sem er í raun rafmagnsleki. Til að koma í veg fyrir slíkan leka er best að slökkva alveg á tækjum og helst taka þau úr sambandi.

Inni á heimasíðu Orkusetsins má finna svokallaðan rafreikni þar sem hægt er að reikna út rafmagnskostnað miðað við raftæki með góða orkunýtingu og slæma orkunýtingu. [Sjá hér.](#)

Frekari umfjöllun um orkumerkingar raftækja má finna í öðrum kafla ítarefnis um innkaup og auðlindir.

Vistakstur (3.8)

Hvernig ökutæki er ekið spilar stórt hlutverk þegar kemur að rekstrarkostnaði þess. Vistakstur sameinar orku- og peningasparnað, minni mengun og aukið umferðaröryggi, auk þess sem komið hefur í ljós að hann sparar oftár en ekki tíma. Námskeið fyrir starfsmenn fyrirtækja í sparakstri eða vistakstri geta því skilað sér fljótt.

Vistakstur felst í fyrirhyggju og framsýni ökumannsins. Með jöfnum akstri er hægt að minnka eldsneytiseyðslu töluvert, draga úr mengun og úr notkun hemla, en allt þetta getur dregið úr kostnaði við rekstur bílsins. Námskeið í vistakstri eru haldin í flestum ökuskólum auk þess sem margir ökukennarar geta gefið leiðbeiningar um vistakstur.

Upplýsingahandbók Ökukennarafélags Íslands og Umferðarstofu um vistakstur má finna [hér.](#)

Viðhald ökutækja (3.9)

Lagfæring nokkurra smáatriða er varða bílana sjálfa geta einnig dregið verulega úr eldsneytiseyðslu og almennt minnkað rekstrarkostnað vegna ökutækja.

Orkusetrið leggur til að reglulegt eftirlit sé haft með loftþrýsting í dekkjum en of lítill þrýstingur eykur viðnám og getur aukið eldsneytiseyðsluna um allt að 6%. Óhrein loftsía getur aukið eyðslu um allt að 10% á meðan vanstillt vél getur notað allt að 50% meira eldsneyti og mengar í samræmi við það.

Jafnvel smáatriði eins og hreinn bíll geta skipt máli en skítugur bíll hefur meiri loftmótstöðu sem getur aukið eyðslu eldsneytis um nokkur prósentustig. Það sama má segja um notkun aukabúnaðar í bifreiðinni. Öll þau tæki sem stungið er í samband við sigarettukveikjara bílsins auka álag á alternatorinn og kalla þannig á meiri orkunotkun.

Eldsneytismöguleikar (3.10)

Fyrir þá sem hyggjast endurnýja bílaflota fyrirtækisins eru nú í boði hér á landi umhverfisvænni kostir svo sem rafmagnsbílar og bílar knúðir metani eða eru með útblástursgildi undir 120 CO₂ g/km.

Inni á heimasíðunni www.metan.is má fá allar þær upplýsingar um þá metanbíla sem íslensk bílaumboð selja sem og upplýsingar um hvernig breyta má hefðbundnum bensínbíl í metanbíl. Hafa þessir möguleikar ákveðin umhverfislegan og rekstrarlegan ávinning fyrir neytendur. Árið 2012 er metan einungis selt á höfuðborgarsvæðinu en áætlað er að opnað verði fyrir metansölu á Akureyri árið 2013.

Bílum sem ganga fyrir vetni og/eða rafmagni hefur fjölgað hægt og bítandi hér á landi síðustu ár. Mercedes Benz A-Class er fjögurra manna vetnisrafbíll, Ford hefur einnig framleitt vetnisrafbíll en Toyota Prius gengur aðeins fyrir vetni.

Yfirlit yfir eldsneytiseyðslu ýmissa fólksbifreiða má finna á síðu Umferðarstofu. [Sjá hér.](#)

Ferðamátar (3.11, 3.12)

Líklega eru flutningar stærsta einstaka umhverfismálið í rekstri ferðaþjónustufyrirtækja. Bensín og díselolía eru óendurnýjanlegar auðlindir og við brennslu þeirra losna að auki gróðurhúsalofttegundir.

Fyrirtæki geta gert ýmislegt til að stuðla að og hvetja starfsmenn til vistvæns ferðamáta. Til dæmis má móta samgöngustefnu, fá fólk til að vera í samfloti til vinnustaðar, bjóða starfsmönnum upp á fría strætómiða, taka þátt í hjólreiða eða gönguátaki vinnustaðarins, hafa góða aðstöðu fyrir hjól svo eitthvað sé nefnt.

Upplýsingatæknin hefur einnig veitt okkur möguleikan á að fækka ferðum á t.d. fundi og spara ferðakostnað og tíma starfsmanna með fundarsímum og fjarfundarbúnaði. Fyrirtækið getur einnig haft áhrif á birgja sína og gert kröfu um að flutningsfyrirtækin hafi t.d. samgöngustefnu eða bjóða bíla með lágu útblástursgildi.

Kolefnisjöfnun

Með brennslu jarðefnaeldsneytis og eyðingu skóga eykst styrkur gróðurhúsalofttegunda í andrúmsloftinu. Til að koma á jafnvægi er hægt að fara tvær leiðir, draga úr losun



gróðurhúsalofttegunda og binda kolefni í jörðu með skógrækt. Með því að binda kolefni úr koldíoxíði andrúmsloftsins með skógrækt verður til súrefni.

Kolefnisjöfnun felur í sér að reikna út útblástur gróðurhúsalofttegunda af völdum fyrirtækisins og jafna út áhrifin með fjárframlögum til skógræktar. Inni á heimasíðu [Kolviðar](#) má fá allar helstu upplýsingar um kolefnisjöfnun sem og finna kolefnisreiknivél.

Tenglasafn fyrir orkusparnað

[Hollráð Rarik um rafmagns- og heitavatnssparnað.](#)

[Yfirlit yfir eldsneytiseyðslu ýmissa fólksbifreiða.](#)

[Dæmi um heimasíðu ökukennara sem kennir vistakstur.](#)

[Heimaíðu Orkuseturs með gagnlegar upplýsingar um orku og orkusparnað.](#)

[Reiknivélar til að reikna t.d.mismunandi rekstrar- og umhverfiskostnað bifreiða, eldsneytis- og umhverfiskostnað við innanbæjar- og utanbæjarakstur og orkusparnað og kostnað við endurglerjun.](#)

[Allt um kolefnisjöfnun og reiknivél.](#)

4 Úrgangur

Hvers vegna?

Þegar kemur að úrgangsmálum eru þrír þættir sem huga má að. Í fyrsta lagi að reyna að draga úr magni úrgangs til dæmis með því að velja vörur án eða með sem minnstum umbúðum. Í öðru lagi með því að endurnota það sem hægt er og að lokum endurvinna það sem hægt er að nýta meira.

Ástæður fyrir mikilvægi bættra úrgangsmála eru nokkrar. Margar náttúruauðlindir svo sem skógar, jarðolía, jarðvegur og málmur eru notaðar til að framleiða þær vörur sem við kaupum. Þessar náttúruauðlindir eru ekki óendanlegar og því mikilvægt að draga úr þörfinni á nýrri framleiðslu. Það má gera með endurnýtingu og endurvinnslu en þegar vara er endurunnin er henni breytt í nýja vöru án þess að gengið sé frekar á viðkomandi náttúruauðlindir.

Hér á landi er urðun aðalförgunarleið úrgangs en hún hefur í för með sér nokkra mengunarhættu. Úrgangsefni og eiturefni sem notuð eru við framleiðsluna geta borist í vatn og loft en þar að auki getur jarðvegur mengast og orðið ónothæfur t.d. til ræktunar eða ábúðar. Urðunarstaðir taka einnig mikil landssvæði og valda oft á tíðum sjón- og lyktarmengun. Þar sem förgun úrgangs fer fram með brennslu er mikil hætta á mengun vatns og lofts. Gildi þess að draga úr úrgangi er því mikil og á ábyrgð okkar allra.

Hvernig?

Dregið úr úrgangi (4.1)

Þessi þáttur tengist innkaupum fyrirtækisins en besta leiðin til að minnka úrgang er að draga úr ónauðsynlegum innkaupum. Með ónauðsynlegum innkaupum er t.d. átt við óþarflega margar smáumbúðir og óþörf endurnýjun búnaðar s.s. tækja og húsgagna. Frekari upplýsingar um vistvæn innkaup og minnkun úrgangs má finna í kafla tvö þessa heftis.

Endurnýting (4.2, 4.3)

Endurnýting felur í sér að framlengja líftíma hluta. Það má gera t.d. með því að gefa nothæf og gömul húsgögn og raftæki. [Góði hirðirinn](#) er nytjamarkaður Sorpu á höfuðborgarsvæðinu en gefa má til ýmissa líknarfélaganna um land allt sem hætt að nota en er enn vel nothæft. Einnig má gefa notaðan búnað til heimasamfélagsins s.s. gamlar tölvur sem geta nýst skólum eða húsgögn sem gefa má í aðra samfélagsaðstoð.

Í tengslum við endurnýtingu má t.d. nefna fyrirtækið [Græn framtíð](#) sem annast flutning á raftækjum til endurnýtingar í samstarfi við söluaðila raftækja hér á landi. Endurnýting

fyrirtækisins snýst um að gera við hluti eða nýta parta til þess að gera við annan hlut. Með endurnýtingu á raftæki er hægt að fá heilt raftæki með litlum kostnaði því það þarf ekki að búa til glænýtt tæki.

Orðalagið „gamalt verður nýtt“ heyrir æ oftast í samfélaginu og áhugi manna á gömlum munum sem fá nýtt líf hefur farið vaxandi. Fjölmargar heimasíður hafa skotið upp kollinum sem aðstoða fólk við að fá hugmyndir um hvernig má endurnýta allt milli himins og jarðar. Sjá t.d. www.hugmyndirfyrirheimilid.is

Endurvinnsla (4.4, 4.5, 4.6, 4.7, 4.8)

Móttaka og endurvinnsla er mislangt á veg komin í sveitarfélögum. Textin sem hér kemur er því ætlaður sem almenn umfjöllun og er fólk hvatt til að kynna sér hvaða þjónusta er í boði í sínu sveitarfélagi.

Fyrirtæki þurfa að greiða fyrir losun á öllum úrgangi nema þeim sem fellur undir Úrvinnslusjóð (s.s. umbúðir úr pappa, pappír og plasti, hjólbarðar, heyrúlluplast o.fl.) og ef annað er tekið fram.

Endurvinnsla kallar á að úrgangur sé flokkaður í ákveðna flokka. Mikilvægt er að vanda til við flokkunina og passa að engir aðskotahlutir fari með úrganginum sem verið er að safna s.s. eitthvað sem á ekki heima í tilteknum gámi eða umhverfi. Þeir geta valdið skemmdum á vélum og vélbúnaði og jafnframt haft neikvæð áhrif á endurvinnslu efnisins. Sorpa hefur sett saman samræmdar litaskilgreiningar til að auðvelda flokkun á úrgangi og fyrir úrgang frá rekstraraðilum leggur Sorpa til eftirfarandi flokka:

Grár – Blandaður úrgangur

Grænn – Endurvinnsluefni og plast

Brúnn – lífrænn úrgangur til jarðgerðar

Blár – Pappír og pappi

Gulur – Sóttmengaður úrgangur

Rauður- spilliefni

Appelsínugulur – Málmur

Hvítur - Gler

Að auki fá nýtt hlutir **bleikan** lit og skilagjaldsskyldar umbúðir fá **fjólubláan**.

Endurvinnslan hf. er með móttökustövar fyrir skilagjaldsskyldar umbúðir um land allt og frekari upplýsingar má finna á heimasíðunni www.endurvinnslan.is.

Íslenska gámafélagið býður upp á þrjár tegundir flokka fyrir viðskiptavinum. **Brúna tunnann** er fyrir allan lífrænan úrgang, í **grænu tunnuna** má setja allan pappír, bylgjupappa og pappa, plast, minni málmhluti (t.d. niðursuðudósir, málmlok af glerkrúkkum) og fernur.

Óendurvinnanlegur úrgangur fer svo í **gráu tunnuna** en það er allt það sem ekki má fara í

grænu tunnuna, lífrænu tunnuna og því ekki hægt að skila til endurvinnslu. Frekari upplýsingar um þriggja flokka kerfi Íslenska gámafélagsins má finna á síðunni www.flokkarinn.is.

Eitraður úrgangur (4.9, 4.10, 4.11)

Raftæki innihalda efni eins og kvikasilfur, kadmíum, blý, kopar, brómeruð eldtefjandi efni og plastefnið PVC. Ef raftækjum er ekki fargað á réttan hátt geta þessi efni borist út í umhverfið og haft þannig skaðleg áhrif á náttúruna og manninn. Því skal skila öllum raftækjum til viðurkenndra móttökustöðva þegar notkun er hætt. Skila má inn gömlum raftækjum á endurvinnslustöðvar gjaldfrjálst og þar eru tækin meðhöndluð þannig þau valdi ekki mengun.

Spilliefni eru efni sem geta borist með vatni og andrúmslofti út í náttúruna og eru því skaðleg umhverfinu. Sum þessara efna safnast upp í fæðukeðjunni og eru sérlega skaðleg. Spillefnum ber samkvæmt lögum að skila til eyðingar. Til spilliefna teljast ýmis konar hreinsiefni, málning, lakk, lím, bón, leysiefni, rafhlöður, kvikasilfur í hitamælum, stíflueyðir, skordýraeitur, úðabrusar og ýmsar vörur fyrir ökutæki t.d. frostlögur, olíur, rafgeymar, tjöruleysir, bón og ýmis þrifefni. Þegar kemur að eyðingu spilliefna má til dæmis leita til [Endurvinnslunnar](#) eða [Efnamóttökunnar hf.](#) sem sérhæfa sig í meðhöndlun og frágangi spilliefna. Til að fyllsta öryggis sé gætt er mælt með því að spilliefni séu geymd í heppilegum geymslulátum. Takið eftir að sum spilliefni bera sérstakt spilliefnagjald.

Lyfjaafgangar eiga ekki heima í ruslinu heldur skal koma þeim í næsta apótek þar sem þeim er fargað á öruggan hátt.

Lífrænn úrgangur (4.12)

Um 20-30% af heimilissorpi okkar eru lífræn efni og hvert mannsbarn lætur því frá sér um 70-100 kg af lífrænum úrgangi á ári. Að taka frá lífrænan úrgang dregur því stórlega úr þeim úrgangi sem flytja þarf til urðunar.

Jarðvegsgerð : Ef lífrænum úrgangi er safnað á réttan hátt og nægt súrefni kemst að honum verður til molta, jarðvegur sem samanstendur af rotnuðum lífrænum efnum og steinefnum líkt og finnst í skógarjarðvegi. Molta þykir hinn besti jarðvegsbætir og gerir jarðveginn frjósamari og léttari og um leið heilbrigðari. Búnaður til moltugerðar fæst víða þar sem má finna garðvörur.

Inni á heimasíðu Sorpu má finna bækling með ítarlegum upplýsingum um leiðir til moltugerðar úr lífrænum úrgangi. [Sjá hér.](#)

Líkt og sjá má í hlutanum um endurvinnslu taka úrgangsfyrirtæki flest við lífrænum úrgangi. Við niðurbrot hans myndast hauggas sem inniheldur að stærstum hluta lofttegundin metan (CH₄). Metan er notað í æ meiri mæli til að knýja ökutæki og því tilvalið að flokka frá lífrænan úrgang þó svo að jarðvegsgerð sé ekki á dagskránni.

Bændur taka einnig í einhverjum mæli við lífrænum úrgangi sem notaður er sem dýrafóður.

Vinna með sveitarfélögum (4.13)

Þessi þáttur tengist beint samfélagsábyrgð fyrirtækja. Það er í höndum samfélagsins að ákvarða hver samfélagsábyrgð fyrirtækisins er en þátttaka fyrirtækja verður að fara eftir þeim væntingum sem samfélagið hefur til fyrirtækja á hverjum tíma.

Í dag er vaxandi krafa að íslensk ferðapjónustufyrirtæki séu góð fyrirmynd þegar kemur að umhverfismálum. Ein þeirra leiða sem hægt er að fara er samstarf við sveitarfélög og úrgangsfyrirtæki um lausnir í úrgangsmálum s.s. með hvatningu og aðstoð við að koma upp flokkunarkerfum.

Fyrirtæki geta þannig virkað sem góður hvatningaraðili þegar kemur að breyttum og bættum úrgangsmálum sveitarfélaga sem og öðrum málaflokkum umhverfis- og samfélagsmála.

Tenglasafn fyrir úrgang

[Bæklingur sorpu um flokkun og móttöku úrgangs frá rekstraraðilum.](#)

[Góði hirðirinn.](#)

[Græn Framtíð og framhaldslíf raftækja.](#)

[Hugmyndir fyrir heimilið er síða með allskyns hugmyndaðar lausnir og tillögur af endurnýtingu.](#)

[Þriggja flokka kerfi Íslenska gámafélagsins.](#)

[Endurvinnslan.](#)

[Efnamóttakan.](#)

[Jarðgerðarbæklingur Sorpu.](#)

5 Náttúruvernd

Hvers vegna?

Í sinni einföldustu merkingu er náttúruvernd sú stefna að vilja vernda náttúruna. Ekki eru allir á eitt sáttir um fyrir hverjum hana skuli vernda eða hverjar bestu leiðirnar til þess séu. Náttúruvernd þarf ekki endilega að þýða að aðgangur manna verði skertur eða að það sé við okkur mannfólkið að sakast fyrir lélega umgengni, þó stundum sé það tilfellið. Náttúruvernd miðar mun fremur að viljanum til þess að tryggja hreinleika og heilbrigði umhverfisins, bæði fyrir velferð náttúrunnar sjálfar sem og fyrir velferð mannsins sem lifir og starfar innan hennar.

Hvernig?

Uppgræðsla og ágengar tegundir (5.1, 5.2)

Þegar fjallað er um uppgræðslu lands er átt við margskonar aðgerðir til að auka gróður á lítið grónu landi. Beitt er ýmsum aðferðum við uppgræðslu s.s. friðun, áburðargjöf, sáningu og útplöntun. Uppgræðsluaðgerðir eru ætlaðar til þess að hraða framvindu gróðurs og dýrasamfélaga en margt ávinnst með uppgræðslu lands. Jarðvegur myndast á ný og verður mun frjósamari, vatnsmiðlun verður betri og ásýnd landsins batnar. Með auknum gróðri má hefta sandfok, auka beitarmöguleika og bæta umhverfi fólks svo ónýtanlegt land verður nýtanlegt á ný. Við þetta má bæta að við uppgræðslu verður landið þróttmeira en áður og stendur betur að vígi gegn náttúrulegu raski eins og öskufalli vegna eldgosa.

Skógrækt á Íslandi má skipta annars vegar í ríkis- og atvinnutengda skógrækt og hins vegar í skógrækt áhugamanna og félaga.

- [Landshlutaverkefni ríkisins](#) þegar kemur að skógrækt hefur að markmiði að gefa sem flestum tækifæri til að taka þátt í fjölnytjapróun og viðhaldi byggðar í öllum landshlutum, jafnframt því að að græða og bæta landið fyrir komandi kynslóðir.
- [Skógræktarfélag Íslands](#) er landsamband skógræktarfélaganna sem í dag eru rúmlega sextíu talsins.
- [Landgræðslan](#) veitir faglega aðstoð og ráðgjöf við uppgræðsluverkefni og leggur oft til hluta kostnaðar við framkvæmdir.

Í heiminum er aukin útbreiðsla framandi tegunda talin ein helsta ógn við líffræðilega fjölbreytni og á alþjóðlegum vettvangi hafa ágengar tegundir fengið mikla athygli. Sumar þeirra geta valdið verulegu tjóni, umhverfislega, efnahagslega og heilsufarslega. Við flutning tegunda úr sínum náttúrulegu heimkynnum geta einhverjar orðið ágengar og valdið verulegum breytingum á starfsemi vistkerfa, t.d. með samkeppni eða kynblöndun. Þannig

geta þær komið í stað innlendra tegunda sem fyrir eru og erfitt getur reynst að snúa þessari þróun við.

Til þess að draga úr eða koma í veg fyrir tjón af völdum ágengra tegunda var komið á fót samstarfsverkefni þjóða í Norður-Evrópu (NOBANIS) en Ísland er aðili að þessum samtökum. Inni á vefsíðu samtakanna eru nú aðgengilegar upplýsingar um ágengar tegundir og hvernig unnt er að varast tjón af þeirra völdum. Þar er að finna gagnagrunn yfir framandi tegundir í Norður Evrópu, skrá yfir lög og reglugerðir um ágengar tegundir í aðildarlöndunum og á heimsvísu. [Sjá hér.](#)

[Náttúrufræðistofnun Íslands](#) bendir sérstaklega á nokkur dæmi um ágengar tegundir hér á landi t.a.m. minkinn, alaskalúpínuna og skógarkerfil en þessar tegundir hafa allar náð að breiðast mikið út hér á landi. Hingað hafa einnig borist ýmsar aðrar tegundir sem reynst hafa mjög ágengar og erfiðar viðfangs annars staðar s.s. bjarnarkló og spánarsnigil og því nauðsynlegt að fylgjast með útbreiðslu þeirra.

Fráveitumál (5.3, 5.4)

Umhverfisstofnun bendir á að skólpi er mengunarvaldur allsstaðar þar sem því er veitt út í umhverfið. Skólpmengun felst í uppsöfnun lífræns úrgangs sem er saurmengaður og inniheldur mikið magn örvera. Rétt meðhöndlun á skólpi getur komið í veg fyrir mengun vatns og tryggt heilsu manna og dýra.

Á Íslandi er krafa gerð um tveggja þrepa hreinsun á skólpi frá híbýlum manna þar sem ekki er til staðar frárennsliskerfi á vegum sveitarfélags. Tveggja þrepa hreinsun felst í rotþró (fyrsta þrep) og svokallaðri siturlögn (annað þrep) sem beislar úrgangsefni í skólpinu og stuðlar að niðurbroti á mengunarefnum áður en þau berast út í umhverfið.

Samkvæmt Umhverfisstofnun má hlífa umhverfinu og koma í veg fyrir sóðaskap og smithættu með því að:

- Fá fagaðila til að ráðleggja um frágang rotþróar og siturlagnar.
- Fá fagaðila til að tæma og yfirfara rotþróna reglulega.
- Skola ekki vatni, efnum og sorpi í salerni og vaska að óþörfu .

Hvað fer í niðurfallið?

Hreinsiefni geta verið eitur fyrir umhverfið. Efnin hverfa ekki þegar í niðurfallið eða ruslið er komið heldur geta endað á einhverjum tímapunkti í grunnvatni eða hafinu. Efnin eru áfram virk og geta skaðað lífríkið í langan tíma. Algengt er að sjá auglýst á hreinsiefnum að efni brotni niður í umhverfinu en segir það þó ekki allt um hversu fljótt þau gera það og einnig geta niðurbrotsefnin verið skaðleg. Öruggst er að forðast notkun óþarfa efna og nota vistvæn efni þegar kostur er (sjá frekar í kafla 2 um vistvæn innkaup).

Reglugerð um fráveitumál sveitarfélaga má finna [hér](#). Leiðbeiningar um rotþrær og siturlagnir, hvaða frárennsli má fara í rotþrær, stærð, staðsetingu þeirra og hvernig skuli tæma þær má sjá [hér](#).

Bættar merkingar (5.5)

Til merkinga geta talist göngustígar, stikur og skilti og stuðla slíkar merkingar að stýringu fólksútförum. Stýring er nauðsynleg til að vernda viðkvæm svæði fyrir ágangi manna en að auki má með þeim tryggja öryggi ferðamanna og koma til þeirra fræðslu um svæðið sem ferðast er um.

Handbók hefur verið sett saman um merkingar á ferðamannastöðum og friðlöndum. Er þetta samstarfsverkefni Vatnajökulspjóðgarðs, Umhverfisstofnunar, Ferðamálastofu og Þingvallapjóðgarðs og þjónar handbókin sem hönnunarstaðall fyrir aðildarstofnanirnar en er jafnframt ætluð öllum þeim sem koma að mótun umhverfis ferðamanna á Íslandi. Handbókina má finna með að smella [hér](#).

Rannsóknir (5.6)

Framtíð ferðapjónustunnar er nátengd gæðum umhverfisins. Umhverfisrannsóknir veita upplýsingar um stöðu og ástand náttúru og menningar en með slíkar upplýsingar má auðveldar tryggja áframhaldandi gæði umhverfisins og þannig tryggja velferð atvinnugreinarinnar.

Þær umhverfisrannsóknir sem mest hefur borið á hér á landi eru þolmarkarannsóknir, rannsóknir á umhverfisáhrifum framkvæmda, mat á áhrifum virkjana og álvera á ferðapjónustuna auk rannsókna á ástandi fjölsótttra ferðamannastaða.

Rannsóknir í ferðapjónustu eru framkvæmdar af einkaaðilum, Háskólum landsins, Ferðamálastofu og Rannsóknarmiðstöð ferðamála auk þess sem Hagstofa Íslands framkvæmir ferðapjónustureikninga og heldur utan um ýmsar tölfræðiupplýsingar tengdar ferðamálum.

Aðilar í ferðapjónustu geta lagt sitt af mörkum þegar kemur að umhverfisrannsóknum t.d. með því að taka vel í spurningar og viðtöl rannsakenda ef þeir leita eftir upplýsingum eða jafnvel með því að bjóða upp á aðstoð og aðstoðu fyrir rannsakendur sem oft þurfa að ferðast víða vegna verkefna sinna.

Náttúruverndarsamtök (5.7)

Fjöldmörg frjáls náttúruverndarsamtök eru starfandi hér á landi. Þar má til dæmis nefna [Náttúruverndarsamtök Íslands](#), frjáls félagasamtök áhugafólks um náttúruvernd.

Náttúruverndarsamtök eru einnig starfandi í hverjum landshluta svo sem [Náttúruverndarsamtök Suðurlands](#) og [Náttúruverndarsamtök Austurlands](#).

Stuðningur við slík félagasamtök getur falist í samstarfi við ákveðin verkefni sem þykja brýn í heimasamfélaginu eða sem fjárhagsstuðningur.

Einnig má finna sjálfbóðaliðasamtök hér á landi sem taka á móti erlendum sjálfbóðaliðum til að sinna umhverfis- og menningarmálum. Hér má til dæmis nefna samtökin [SEEDS](#) sem skipuleggja vinnubúðir um allt land í samstarfi við einstaklinga, félagasamtök og sveitarfélög.

Gróðurhúsalofttegundir (5.8)

Gróðurhúsaáhrifin og hlýnun jarðar eru þau málefni umhverfisverndar sem nútímakynslóðir hafa heyrt hvað mest um. Í stuttu máli byggjast áhrifin á því að tiltekna lofttegundir, í of miklum mæli, hindra hita frá geislum sólar í að endurvarpast úr lofthjúpnunum. Við það hækkar hitastig á jörðinni smátt og smátt.

Hlýnun jarðar fylgja mörg vandamál sem allir jarðarbúar ættu að hafa áhyggjur af. Hér á landi hafa nú þegar sést breytingar á jöklum landsins, gróðurfari og sjávarríkinu. Gerir hlýnun norðlægum fuglategundum erfiðara uppdráttar og umhverfisbreytingar í hafinu við landið hafa valdið verulegri fækkun sjófugla hér við land. Greiningu Veðurstofunnar á líklegum áhrifum og breytingum hér á landi vegna hlýnunar jarðar má finna [hér](#).

Enn eru miklir möguleikar þegar kemur að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda hér á landi en helstu valdar eru iðnaður, fiskveiðar og samgöngur. Stærsti hluti gróðurhúsalofttegunda á landinu er Koldíoxíð (CO₂) eða 83% alls útblásturs og er þar bruni jarðefnaeldsneytis stærsti vandinn.

Ferðapjónustan getur sérstaklega haft áhrif þegar kemur að minnkun útblásturs vegna samgangna enda veigamikill þáttur í íslenskri ferðapjónustu. Allir flutningar hafa einhver áhrif á umhverfið. Áhrifin ráðast af þáttum líkt og vegalengdum, þyngd farmsins, eldsneytinu sem notað er o.s.frv. Flutningar vega að auki þungt í fjárhagsbókhaldi ferðapjónustufyrirtækja og því rík ástæða til að forðast óþarfa flutninga. Í öðrum kafla ítarefnis um innkaup og auðlindir er fjallað um hvernig draga má úr notkun eldsneytis s.s. með sparneytnari bifreiðum og vistvænni orkugjöfum.

Hegðun fólks og viðhorf er þó sá þáttur sem hefur hvað mest áhrif á brennslu eldsneytis. Með því er átt hvernig fólk notar bílinn og hvernig bíllinn er ekinn. Með hvaða augum fólk lítur á bílinn er grundvallaratriði í því hvernig hann er notaður. Bíll sem í augum eiganda er kraftmikið leiktæki mun hafa önnur umhverfisáhrif en bíll sem litið er á sem nauðsynjatæki til að ferðast um lengri vegalengdir. Í kafla tvö um innkaup og auðlindir má t.d. finna upplýsingar um vistakstur.

Samgöngur einskorðast þó ekki við fólksbíla og nota íslenskir ferðaþjónustuaðilar hin ýmsu farartæki í starfsemi sinni. Flugvélar, bátar, rútur, fjallajepar, fjórhjól, vélsleðar, sjókettilar svo fátt eitt sé nefnt, eru allt tæki sem brenna eldsneyti og geta því gefið frá sér gróðurhúsalofttegundir. Fyrirtæki með slík farartæki í rekstri geta kynnt sér umhverfisvænni eldsneytismöguleika, kennt starfsfólki og viðskiptavinum hvernig takmarka megi brennslu eldsneytis eða fjárfest í umhverfisvænni ökutækjum þegar kominn tími er á endurnýjun.

Að skipta frekar við fyrirtæki í hópflutningum, bílaleigur eða afþreyingarfyrirtæki sem hafa góða umhverfisstefnu og huga að takmörkun á útblæstri gróðurhúsalofttegunda stuðlar að því að ferðamenn eigi kost á sem umhverfisvænstum fararskjótum. Ef nógu margir vekja athygli á þessu hefur það með tímanum áhrif á þá valkosti sem ferðamönnum eru boðnir. Þau fyrirtæki sem hafa VAKANN, ISO eða aðra vottun frá þriðja aðila geta sýnt fram á sjálfbærismálin séu þeim ofarlega í huga og náð samkeppnisforskoti á markaði.

Orkuviðnaðurinn telur einnig þegar kemur að útblæstri gróðurhúsalofttegunda, að spara orku getur því haft áhrif á útblástur. Sjá umfjöllun um orkusparnað í þriðja kafla þessa heftis.

Fræðsla (5.9)

Hér er átt við fræðslu um náttúruvernd sem ætluð er starfsmönnum og fræðslu fyrir nærsamfélagið. Um fræðslu til viðskiptavina er sérstaklega fjallað um í áttunda kafla ítarefnis.

Fræða má starfsmenn og nærsamfélag um viðkvæm svæði og tegundir í nágrenninu. Fræðslan getur tekið til þeirra laga og reglna sem gilda um þjóðgarða og friðlýst svæði sem ferðast er um, um endurvinnslu, orkusparnað eða hverskonar náttúruvernd sem þykir mikilvæg á viðkomandi svæði.

Neikvæð áhrif starfseminnar (5.10)

Það þarf að vera hlutverk viðkomandi ferðaþjónustufyrirtækis að stuðla að aðgerðum til að draga úr neikvæðum áhrifum af umgengni sem hlýst af starfsemi þess. Þessi neikvæðu áhrif eru misjöfn eftir eðli starfseminnar og þarf hvert fyrirtæki að skoða og meta þau áhrif sem það veldur.

Neikvæð áhrif ferðamennsku á náttúru geta verið fjölbreytt og geta t.d. tekið til ágangs á gróður vegna göngu-hjólaferða eða utanvegaakstur jeppaferða, mengun vegna útblásturs gróðurhúsalofttegunda, hávaðamengun vélknúinni ökutækja, veitingareksturs eða flugs og jafnvel sjónmengun þar sem mannvirki eru reist á skjön við núverandi landslag og umhverfi.

Neikvæð áhrif einskorðast þó ekki við náttúruna heldur er mögulegt að ferðamennska hafi neikvæð áhrif á samfélag. Það getur gerst þegar fjöldi ferðamanna er orðinn of mikill á ákveðnu svæði sem vekur gremju og þirring meðal heimamanna. Ferðamennska getur einnig valdið árekstrum á milli fólks frá ólíkum menningarheimum og siðum og venjum heimamanna sýnd óvirðing vegna skorts á skilningi. Lausnir á slíkum vandamálum geta falist í betri fræðslu um heimasamfélagið og betri dreifingu ferðamanna í tíma og rúmi.

Lausagangur bifreiða (5.11)

Bíll í lausagangi getur mengað meira en bíll í akstri. Þar að auki er kostnaðarsamt að láta bíllinn ganga og brenna eldsneyti. Ef þú býst við að bíllinn gangi í lausagangi lengur en 30 sekúndur þá borgar sig að drepa á vélinni. Þetta þýðir að það er ódýrara að setja aftur í gang en að láta bílvélina ganga í lausagangi lengur en 30 sekúndur.

Bætt aðgengi (5.12)

Orðið aðgengi fær ólíka merkingu eftir því hvaða ferðamáta við höfum í huga. Aðgengismál fyrirtækja í flugrekstri eru því allt önnur en aðgengismál gönguhópa á hálendi Íslands. Bætt aðgengi getur því tekið til vegna, stíga, bílastæða, upplýsinga s.s. skilta, útýnispalla og hreinlætisaðstöðu svo fátt eitt sé nefnt.

Með bættu aðgengi að ferðamannastöðum má dreifa ferðamönnum betur og með bættum vegum og stígum má minnka ágang á náttúruna. Þar að auki getur bætt aðgengi nýst heimamönnum.

Tenglasafn fyrir náttúruvernd

[Handbók um merkingar á ferðamannastöðum og friðlýstum svæðum.](#)

[Landgræðslan.](#)

[Skógrækt ríkisins.](#)

[Skógræktarfélag Íslands.](#)

[Náttúruverndarsamtök Íslands.](#)

[Náttúruverndarsamtök Suðurlands.](#)

[Náttúruverndarsamtök Austurlands.](#)

[Náttúruverndarsamtök Suð-vesturlands.](#)

[Upplýsingar um sjálfbærniáttæktir SEEDS.](#)

6 Samfélag

Hvers vegna?

Á undanförunum árum hefur aukin áhersla verið lögð á samfélagslega ábyrgð fyrirtækja. Með samfélagslegri ábyrgð er átt við ábyrgð fyrirtækisins á þeim áhrifum sem ákvarðanir þess og starfsemi hafa á umhverfi, efnahag og samfélag. Starf sem miðar að því að axla þessa ábyrgð eflir fyrirtækið til lengri tíma og hefur jákvæð áhrif á ímynd þess og tengsl við hagsmunaaðila og starfsumhverfi. Fyrirtæki hafa í auknum mæli felld þætti sem tengjast samfélagslegri ábyrgð inn í stefnu sína, en mikilvægt er að þetta sé gert á markvissan og skilvirkan hátt.

Sjálfbær ferðaþjónusta tekur tillit til áhrifa atvinnugreinarinnar á fleiri þætti en náttúruna. Samfélagsleg áhrif ferðamennsku geta verið fjölbætt og í neikvæðustu mynd sinni skapað óvild heimamanna í garð ferðamanna. Mikilvægt er fyrir fyrirtæki að huga að þeim áhrifum sem það hefur í heimasamfélagi og reyna að lágmarka neikvæð áhrif af starfseminni og hámarka þau jákvæðu.

Neikvæð áhrif á samfélag geta t.d. verið árekstrar fólks úr ólíkum menningarheimum, álag á innviði sem getur bitnað á þjónustu fyrir heimamenn eða að lítið sé gert úr siðum og menningu heimamanna með söluvæðingu menningarinnar. Einnig ber að nefna að vinnuaðstæður og kjör starfsmanna verða að vera í samræmi við lög og reglur.

Jákvæð áhrif ferðamennsku á samfélög geta t.d. verið aukið stolt heimamanna á menningararfleið sinni og landi, aukinn skilningur og umburðarlyndi gagnvart fólki með ólíkan menningarbakgrunn, bætt aðgengi og fleiri störf. Aukinni ferðamennsku fylgir að auki oft uppbygging innviða og aukin þjónusta sem einnig nýtist heimamönnum.

Hvernig?

Fólk vill frekar eiga viðskipti við fyrirtæki sem hafa góða ímynd og láta gott af sér leiða og á það líka við um fjárfesta. Þátttaka ferðaþjónustufyrirtækja í því samfélagi sem það starfar getur falið í þó nokkrum þáttum en eru þeir mis-viðeigandi eftir eðli starfseminnar og stærðar og staðsetningu samfélagsins sem um ræðir.

Samfélagsstuðningur og góðgerðarmál (6.1, 6.2, 6.3, 6.4)

Samfélagslegur stuðningur er hluti af því sem kallað er samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja, hugmyndafræði sem er að verða æ vinsælli meðal íslenskra fyrirtækja. Samfélagsleg ábyrgð getur falið í sér beina þátttöku fyrirtækja í samfélagslegum málefnum sem eru ekki viðfangsefni fyrirtækisins.

Fyrirtæki geta myndað langtímasambönd við ýmis félög og veitt samfélagshópum stuðning. Stundum er slíkur stuðningur í tengslum við markaðsstarfsemi fyrirtækisins s.s. í skiptum fyrir

sýnilegar auglýsingar en einnig oft án þess að nokkur tengsl séu þar á milli s.s. afnot af aðstöðu, tækjum, áhrifum o.fl.

Þá geta fyrirtæki stutt einstök málefni í nærsamfélaginu svo sem þegar safnanir vegna ákveðinna málefna sem brenna á samfélaginu eiga sér stað er tilvalið fyrir fyrirtæki að leggja sitt af mörkum og þannig tengja nafn sitt við jákvæða umræðu innan samfélagsins.

Einnig má gefa framleiðsluvöru eða þjónustu til samfélagsverkefna s.s. bjóða í ferðir eða bjóða fram þekkingu starfsfólks.

Gefa má notaðan búnað til skóla eða samfélagshópa sem á þurfa að halda. Búnaðurinn getur t.d. verið notuð húsgögn, tölvur og önnur raftæki en fyrir utan að aðstoða samfélagshópa með slíkum gjöfum er endurnýting mikilvægur hluti þess að draga úr úrgangi (sjá frekar í kafla 4.2 og 4.3 um endurnýtingu).

Dæmi um félög sem fyrirtæki hafa í gegnum tíðina sýnt stuðning eru íþróttafélög, náttúruverndarsamtök og hjálparsamtök auki ýmissa menningar- og líknarmála. Í mörgum smærri bæjarfélögum gegna fyrirtæki ótal hlutverkum og eru beinir eða óbeinir aðilar að ýmsu félagsstarfi og samfélagslegum verkefnum. eru fyrirtæki farin að auglýsa á hvaða hátt þau leggja samfélaginu lið og byggja jákvæða ímynd fyrirtækisins með þeim hætti.

Samstarf og þátttaka (6.5, 6.6, 6.7)

Samkvæmt skýrslu Rannsóknarmiðstöðvar ferðamála (áður Ferðamálasæturs Íslands) um samstarf í ferðaþjónustu getur samstarf innan samfélags verið þrennskonar.

1.- Lóðrétt við birgja eða viðskiptavini. Dæmi um slíkt samstarf er þegar nokkur fyrirtæki taka sig saman og útbúa samsetta ferð fyrir viðskiptavini t.d. hótél, veitingastaður og afþreyingarfyrirtæki.

Vinna með öðrum ferðaþjónustuaðilum á svæðinu

Í tísku hefur verið að tala um „klasa“ þegar kemur að samstarfi fyrirtækja hér á landi. Michael E. Porter skilgreinir klasa sem „*landfræðilega þyrpingu tengdra fyrirtækja, birgja, þjónustuaðila, fyrirtækja í tengdum atvinnugreinum og stofnana á sérhæfðum sviðum sem eiga í samkeppni en einnig í samvinnu*“.

Ferðaþjónustufyrirtæki gætu þannig sameinist um að kynna svæðið sem þau eru staðsett á, óháð því hvort þau eru í sömu atvinnugrein eða ekki. Samstarf getur bæði verið óformlegt og formlegt og fer það eftir því tengslum á milli þeirra fyrirtækja sem um ræðir. Klasi getur haft jákvæð áhrif á þróun og samkeppnishæfni, mótun þekkingar, hæfni og nýtingu upplýsinga og ekki síst vöxt og langtíma kraft ferðaþjónustunnar. Með samstarfi má ná fram stærðarhagkvæmni með meiru fé til ráðstöfunar fyrir markaðsstarf.

2.- Lárétt við aðila í sömu grein, jafnvel samkeppnisaðila. Dæmi um þetta er samstarf milli tveggja aðila sem bjóða afþreyingu og geta þannig boðið fjölbreyttari valkosti fyrir viðskiptavinum.

Að auki er hægt að veita ráðgjöf og fræðslu til fyrirtækja í heimabyggð til þess að hægt sé að auka og bæta þá þjónustu sem ferðamönnum er boðin. Samkeppni þýðir ekki endilega að samstarf sé ómögulegt þar sem samvinna fyrirtækja í svipuðum rekstri getur dregið að fleiri gesti og/eða aflað meiri tekna en ella.

3.- Milli fyrirtækja í einkaeign og opinberra stofnana en samstarf getur skilað sér til ferðaþjónustufyrirtækja í gegnum markaðssetningu þess opinbera.

Með því að vinna með hinu opinbera að ýmsum málum svo sem taka sæti í nefnd eða taka þátt í stjórn samtaka má hafa áhrif á ýmis málefni ferðaþjónustunnar auk þess sem markaðsstarf sveitarfélaga og opinberra stofnanna eða samtaka getur nýst þeim fyrirtækjum.

Kraftar nærsamfélags (6.8, 6.9, 6.10)

Hluti sjálfbærrar ferðaþjónustu er að nýta sem best krafta nærsamfélagsins. Gátlisti umhverfiskerfis VAKANS bendir á þrjár mögulegar leiðir til að nýta þessa krafta.

Í fyrsta lagi má bjóða einstaklingum upp á starfsnám innan fyrirtækisins. Starfsnám getur kennt fólki mikilvæga færni svo sem sjálfsöryggi, samvinnu, sjálfshvatningu, færni í að kynnast öðrum og koma fram svo ekki sé minnst á reynsluna við að vinna í ferðaþjónustu. Með aukinni reynslu og betri þekkingu á ferðaþjónustu er greinin betur í stakk búin til að þróast og vaxa.

Í öðru lagi geta ferðaþjónustufyrirtæki stutt við birgja með því að versla við birgja í nærsamfélagi. Þannig er sem mest fjármagn skilið eftir í samfélaginu auk þess sem flutningar um langar vegalendir eru kostnaðarsamir og hafa slæm áhrif á umhverfið.

Ferðaþjónustuaðilar hér á landi hafa í miklum mæli áttað sig á gildi þriðja þáttarins sem hér er nefndur. Að nýta staðþekkingu og starfskrafta heimamanna er tilvalið í ferðaþjónustu þar sem heimamenn hafa þekkingu á staðnum sem utanaðkomandi aðilar búa e.t.v. ekki yfir.

Sýnileiki í samfélaginu (6.11, 6.12)

Að vera sýnilegur þátttakandi í samfélaginu gefur merki um áhuga fyrirtækisins á velferð samfélagsins og fólksins. Með því að t.d. halda opið hús fyrir heimamenn má fá athugasemdir og ráðleggingar þeirra varðandi ýmis mál. Heimamenn þekkja e.t.v.



nærumhverfið betur og geta því komið með upplýsingar sem geta nýst fyrirtækinu auk þess sem einstaklingar finna að þeir geta haft áhrif á það sem gerist í samfélaginu.

Ferðapjónustufyrirtæki geta einnig haft áhrif innan samfélags s.s. með vinnu með sveitarstjórn að stefnumótun fyrir sveitarfélagið. Hér er sérstaklega bent á stefnumótun sveitarfélaga um sjálfbæra þróun sem kölluð er *Staðardagskrá 21*. Fjölmörg íslensk sveitarfélög hafa staðardagskrá og mikilvægt að fyrirtæki kynni sér slíkt í sínu sveitarfélagi. Staðardagskráin þarf að vera í stöðugri þróun eins og venjan er með sjálfbærnistefnur og því tilvalið fyrir ferðapjónustufyrirtæki að taka þátt í þeirri þróun.

Tenglasafn fyrir samfélags þáttöku

[Skýrsla Rannsóknarmiðstöðvar ferðamála \(áður Ferðamála­seturs Íslands\) um kosti samstarfs í ferðapjónustu og mögulegar leiðir.](#)

[Stefnumótun íslenskra stjórnvalda í sjálfbærri þróun má finna í skýrslunni Velferð til framtíðar – sjálfbær þróun í íslensku samfélagi.](#)

[Áherslur Íslands fyrir árin 2010-2013 í sjálfbærri þróun.](#)

[Skýrsla um Staðardagskrá 21 á Íslandi.](#)

[Heimasíða Sameinuðu þjóðanna um Staðardagskrá 21.](#)

7 Birgjar og markaður

Hvers vegna?

Góð samskipti og samstarf við aðra innan markaðarins og birgja í nærsamfélagi er mikilvægur þáttur í afkomu og velferð fyrirtækis. Allir rekstraraðilar þurfa að sækja þjónustu og/eða vörur annað og samstarf er líklegt til að skila árangri ef hagsmunaaðilar gera sér grein fyrir því að velgengni þeirra veltur ekki síst á velgengni annarra þjónustuaðila í nágrenninu. Ferðaþjónustuaðilar hafa bæði ávinning af því að vera í samstarfi við aðra aðila í sömu grein og þá aðila sem bjóða stuðningsþjónustu.

Hvernig?

Samstarf (7.1, 7.2)

Hverjar eru helstu lykilstofnanir eða samtök sem skipta mestu máli fyrir sjálfbærni fyrirtækisins? Þetta geta verið samskipti við ríkisstofnanir en ferðaþjónustuaðilar geta þurft að eiga samskipti við fjölmargar þeirra. Sem dæmi má nefna Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Vegagerðina, Náttúrufræðistofnun Íslands, Landgræðsluna, Flugmálastjórn og Umferðarstofu.

Lista yfir allar ríkisstofnanir má finna [hér](#).

Ferðaþjónustuaðilar gætu einnig viljað hafa samskipti við lykilsamtök í nærsamfélaginu til að stuðla að sjálfbærum rekstri fyrirtækisins. Hér á landi hafa sprottið upp samtök fyrir allt milli himins og jarðar og því nauðsynlegt fyrir viðkomandi stjórnendur fyrirtækja að meta hver eru lykilsamtök þegar kemur að sjálfbærri ferðaþjónustu.

Þetta geta verið samtök líkt og SAF (Samtök ferðaþjónustunnar) sem eru hagsmunasamtök aðila í ferðaþjónustu á Íslandi, Samtök lífrænna neytenda eða Samtök um umhverfi og vellíðan.

Ábyrg og örugg notkun vöru/þjónustu (7.3)

Vara ferðaþjónustunnar er tvíþætt, áþreypfanleg og óáþreypfanleg. Til áþreypfanlegrar vöru ferðaþjónustunnar mætti telja aðstöðu s.s. gististaðir, flugvélar, afþreyingarfarartæki, aðbúnaður fyrirtækjanna o.s.frv. Með því að hvetja gesti til ábyrgar og öruggar notkunar þessara þátta má stuðla því að dregið sé úr mögulegum neikvæðum áhrifum starfseminnar á umhverfi.

Hér má nefna dæmi líkt og hvatningu til ferðamanna til að stunda vistakstur á ökutækjum, hvetja til orkusparnaðar á gististöðum og að farið sé vel með allan búnað til að draga úr þörf á endurnýjun og minnka úrgang og áfram mætti lengi telja.

Óáþreyfanlegur hluti vöru ferðapjónustunnar er sú þjónusta sem ferðamanninum er veitt og upplifun hans á ferðinni. Ábyrg og örugg notkun gæti þá falist í viðhorfi og hegðun ferðamannsins gagnvart umhverfinu sem hann ferðast í. Ferðapjónustuaðilar geta hvatt gesti til ákveðins viðhorfs gagnvart umhverfinu og samfélaginu sem þeir dvelja í en geta einnig haft mikil áhrif á viðhorf viðskiptavinarins gagnvart landi og þjóð með sínu eigin viðhorfi og hegðun. Hér er því lykilatríði að setja gott fordæmi og fræða ferðamenn á jákvæðan hátt um umhverfi landsins og mikilvægi þess að vernda það (sjá frekar í áttunda kafla ítarefnis um upplýsingagjöf og fræðslu til ferðamanna).

Kanna stöðu og leita tækifæra (7.4, 7.5, 7.6)

Hér er mælt með að fyrirtæki kanni væntingar og ánægju viðskiptavina vegna þjónustu, umhverfisþátta og sjálfbærni og er þá leitað að upplýsingum hjá viðskiptavininum um frammistöðu fyrirtækisins. Þá má kanna hvernig viðskiptavinurinn upplifði þjónustuna sem honum var veitt, hvernig honum þótti staðið að umhverfismálum og því sem tengist sjálfbærni.

Margar leiðir eru mögulegar til að kanna ánægju viðskiptavinarins svo sem með þjónustukönnunarblaði sem afhenda má viðskiptavini og biðja um að fylla út. Gististaðir geta skilið slíkt blað eftir á herbergjum gesta en einnig hægt að biðja gesti persónulega um að fylla úr slíka könnun t.d. við brottför. Flugfélög og bílaleigur geta þá skilið eftir eintak í farartækjum sínum fyrir viðskiptavini.

Einnig er hægt að senda spurningalista til viðskiptavina í tölvupósti en þannig er upplifun ferðamannsins ekki trufluð með pappírsvinnu heldur velur sjálfur þann tíma sem hentar þegar heim er komið. Nokkrir aðilar bjóða upp á þjónustu þar sem hægt er að búa til og senda út kannanir. Sem dæmi má nefna <http://www.surveymonkey.com> en þar er hægt að búa til könnun með litlum eða engum tilkostnaði og senda síðan slóðina í tölvupósti til viðskiptavina. Niðurstöðurnar birtast svo á surveymonkey síðunni. Ókosturinn er að auðveldara er að hundska tölvupóst og svörun því hugsanlega ekki eins góð.

Að lokum má nefna síður eins og [Trip Advisor](#) og [hostelworld](#) þar sem hægt er að fylgjast með því sem er skrifað er um fyrirtækið og svara eftir þörfum. Varast skal að fara í varnarstöðu þó að um kvartanir eða óánægju sé að ræða, heldur biðjast afsökunar, þakka fyrir ábendingar og reyna að bæta úr því sem bæta má.

Kanna má frammistöðu helstu keppinauta á sviði sjálfbærni. Með því að skoða hvernig aðrir ferðapjónustuaðilar standa að sjálfbærismálum í starfseminni og hvernig þeim gengur má nýta þekkingu þeirra og reynslu til betri frammistöðu. Óþarft er að fyrirtæki reyni að finna upp hjólið í þessum efnum og reynsla annarra ómetanlegur viskubrunnur.

Að lokum má leita markaðstækifæra sem tengjast góðum málefnum en þátttaka í góðgerðarmálum skapa jákvæða ímynd, góða umfjöllun og jákvætt orðspor í samfélaginu sem nýst getur markaðsstarfi fyrirtækisins.

Áhrifavöld (7.7, 7.8, 7.9, 7.10)

Mælt er með að fyrirtæki viti hvar helstu hráefni eru framleidd og hvernig staðið er að framleiðslunni auk þess sem að afla sér þekkingar á framleiðsluaðferðum þeirra fyrirtækja sem skipt er við getur verið þáttur í sjálfbærnisstarfi. Fjallað er um framleiðsluaðferðir í breiðasta skilningi þess orðs, litið er t.d. til þeirra aðferða sem samstarfsfyrirtæki nota í þjónustu sinni við ferðamenn og hvort þau hafi sjálfbærnisstefnu.

Hótel og veitingastaðir vilja vita hvað þeir eru að kaupa inn og hvort hugað hafi verið að umhverfinu og nærsamfélagi við framleiðsluna og afþreyingarfyrirtæki vilja vita hvort samstarfsaðilar hugi að orku- og eldsneytissparnaði svo eitthvað sé nefnt. Með því að upplýsa birgja um áherslur og kröfur fyrirtækis á sviði sjálfbærni getur það virkað sem hvatning til að huga að þeim málum í eigin starfsemi og framleiðslu.

Hægt er leita samstarfs við birgja og samkeppnisaðila um vistvæna flutninga en ef fyrirtæki taka sig saman við flutninga má stuðla að gríðarlegum eldsneytissparnaði, minni útblásturs gróðurhúsalofttegunda svo ekki sé minnst á fjárhagslegan ávinning.

Í þessum hluta gátlistans er lagt til að fyrirtæki í ferðaþjónustu noti hvert tækifæri til að fylgjast með birgjum sínum og framleiðsluleiðum þeirra og tryggja þannig að æskilegum vinnuferlum sé fylgt þar sem það er mögulegt.

Tenglasafn fyrir birgja og markað

[Listi yfir allar ríkisstofnanir.](#)

[Upplýsingar um leiðir til að framkvæma kannir.](#)

8 Upplýsingar til viðskiptavina

Hvers vegna?

Í ferðabjónustu tekur viðskiptavinurinn mikinn þátt í framleiðslunni. Hans viðhorf og hegðun mun hafa áhrif á umhverfið sem hann ferðast í, auk þess sem ferðamenn koma úr gríðarlega ólíku umhverfi þar sem ólík umhverfshæðun viðgengst. Það fellur því oft í hlut ferðabjónustuaðila að fræða og upplýsa sína viðskiptavini um íslenska náttúru og menningu og viðeigandi umgengni.

Ferðabjónustufyrirtæki eru í þeirri stöðu að geta haft mikil áhrif á viðskiptavini sína þegar kemur að umgengni þeirra við umhverfið. Með því að upplýsa viðskiptavini um sjálfbærnisstefnu fyrirtækisins og benda gestum á hvernig þeir geti lagt málefnið lið er hægt að draga enn frekar úr mögulegum neikvæðum áhrifum ferðamennsku á náttúru og samfélag.

Hvernig?

Hvatning viðskiptavina (8.1, 8.2, 8.3)

Gististaðir geta hvatt gesti til að nota sömu handklæði oftari en einu sinni en með því má spara þvottaefni, orku og vatn auk þess sem það eykur endingartíma handklæðanna og dregur þannig úr innkaupakostnaði til langs tíma.

Ferðabjónustufyrirtæki geta einnig hvatt viðskiptavini sína til að flokka úrgang en til þess þurfa starfsmenn að sýna gott fordæmi og bjóða upp á þá aðstöðu sem þarf til flokkunar (sjá frekar í kafla 4 um úrgang og endurvinnslu).

Með því að hvetja viðskiptavini til að spara orku, vatn, hita og rafmagn er verið að huga að velferð auðlinda okkar auk þess sem minni orkunotkun skilar sér í lægri rekstrarkostnaði (sjá frekar í kafla 3 um orkusparnað).

Upplýsingagjöf um íslenskt umhverfi (8.4, 8.5, 8.6)

Erlendir ferðamenn þekkja ekki íslenska náttúru og umhverfi líkt og heimamenn gera. Þeir eru e.t.v. vanir lélegum vatnsgæðum í heimalandi sínu, hafa heyrt sögur af menguðu vatni eða eru vanir að kaupa vatn á flöskum. Með því að upplýsa ferðamenn um gæði kranavatnsins má spara mikið magn af plastflöskum og draga úr úrgangi (sjá frekar í kafla 4 um úrgang og hvernig má draga úr honum).

Það sama má segja um fræðslu til ferðamanna um gæði yfirborðsvatns en mestallt vatn sem fer til neyslu, eða rúmlega 95%, er ómeðhöndlað grunnvatn. Það fæst úr lindum, borholum og brunnum. Nokkur sveitarfélög eru þó enn háð yfirborðsvatni. Yfirborðs-vatn er í flestum

tilfellum geislað með útfjólubláu ljósi til að eyða örverumengun sem berst í vatnið frá dýrum og úr jarðvegi. Þessi aðferð er oftast nægileg til að tryggja öryggi neysluvatnsins. Því miður eru nokkrir þéttbýlisstaðir sem enn nota ómeðhöndlað yfirborðsvatn sem getur verið mengað. Ef vafi leikur á hvaðan neysluvatna sem nýtt er kemur er vert að hafa samband við viðkomandi vatnsveitu og kynna sér málið.

Tilvalið er að leggja áherslu á fræðslu um náttúru og menningu þar sem ferðast er um. Aukin þekking á stað eykur líkur á persónulegri tengingu ferðamannsins við staðinn og við náttúruna og samfélagið. Með persónulegri tengingu eykst virðing fyrir staðnum og vilji til að tryggja velferð hans og heilbrigði.

Náttúrutúlkun er aðferð sem er notuð við fræðslu á vinsælum útivistarsvæðum víða um heim og varpar ljósi á það sem er gestum ekki endilega augljóst. Sögð er sagan á bak við útsýnið, náttúrufrýrbærið eða húsarústirnar. Náttúrutúlkun tengir saman auðlind og gest á nánari hátt. Benda má t.d. á handbókina *Náttúrutúlkun* sem kom út árið 2011, höf. Sigprúður Stella Jóhannsdóttir.

Upplýsingagjöf um sjálfbærni fyrirtækisins (8.7, 8.8, 8.9)

Að upplýsa viðskiptavinum um áherslur fyrirtækisins á sviði sjálfbærrar þróunar má gera með því að setja sjálfbærnis/umhverfisstefnu fyrirtækisins á heimasíðu og annað kynningarefni fyrirtækisins. Einnig má tilkynna gestum helstu umhverfisáherslur við upphaf heimsóknar.

Á sama hátt má upplýsa viðskiptavinum um umhverfiskerfi VAKANS t.d. í kynningarefni og á heimasíðu fyrirtækisins, auk þess sem gera má gull-silfur eða bronsmerki VAKANS sýnilegt.

Með því að kynna umhverfis-og/eða sjálfbærnisstefnu fyrirtækisins fyrir viðskiptavinum og hvernig viðkomandi getur lagt málefnið lið má betur tryggja að neikvæð áhrif af völdum starfseminnar sé í lágmarki og að upplifun gesta á landinu, umhverfinu og á fyrirtækinu sé jákvæð og að virðing fyrir Íslandi og náttúrunni skipti ferðaþjónustuna miklu máli.

Tenglasafn fyrir upplýsingar til viðskiptavina

[Heimasíða VAKANS.](#)

[Efnisyfirlit bókarinnar Náttúrutúlkun.](#)

[Grein um vatn og vatnsgæði á Íslandi.](#)

Viðauki

Dæmi um yfirlýsingar á umhverfissviðinu

Yfirlýsing fyrirtækis varðandi sjálfbæra ferðapjónustu

Skrifleg yfirlýsing um stefnu fyrirtækisins í umhverfismálum sýnir að fyrirtækinu og starfsmönnum þess er umhugað um umhverfið og vilja leggja sitt af mörkum til að vernda það. Þessi yfirlýsing er nátengd umhverfisstefnu fyrirtækisins og jafnvel er hugsanlegt að þetta sé eitt og sama skjalið. Í slíkri yfirlýsingu geta fyrirtækin sagt frá einstökum áhersluatriðum í umhverfismálum, sérstökum verkefni o.s.frv., allt eftir þörfum og aðstæðum á hverjum stað. Slík yfirlýsing er um leið hvatning til starfsmanna og viðskiptavina um að fylgja markmiðum um umhverfismál.

Til eru margar leiðir til þess að skrifa yfirlýsingu varðandi sjálfbæra ferðapjónustu og slík yfirlýsing þarf hvorki að vera löng né flókin. Aðalatriðið er að fyrirtækið geti raunverulega staðið við þau atriði sem þar koma fram. Mikilvægt er að huga vel að staðsetningu yfirlýsingarinnar, hún þarf að vera sjáanleg viðskiptavinum og starfsmönnum og þeir þurfa að geta skilið það sem í henni stendur. Loks er gott að hafa í huga að endurmeta og endurnýja yfirlýsinguna reglulega í samræmi við ábendingar starfsfólks og viðskiptavina.

Hér að neðan er að finna nokkur dæmi um nöfn á yfirlýsingu fyrirtækis í umhverfismálum.

- Umhverfisstefna
- Græna stefnan okkar
- Umhverfisstefna
- Umhverfisskuldbinding
- Fyrirtækinu/okkur þykir vænt um Ísland/landið okkar
- Umhverfissagan okkar

Auk þess eru í viðauka gefin dæmi um það hvernig ýmsar yfirlýsingar á því sviði geta litið út (dæmi 7 – 12):

Dæmi 1

Umhverfislóforð okkar/fyrirtækisins

Velkomin til [nafn fyrirtækis], við vonum að þú njótir ferðarinnar/dvalarinnar hjá okkur. Við ásetjum okkur að vernda fallett umhverfi [bær/sveitafélag/svæði/Ísland] og viljum tryggja að komandi kynslóðir fái notið þess líka. Þess vegna höfum við mótað umhverfisáætlun og óskum eftir stuðningi þínum við framfylgd hennar. Flestir viðskiptavinir okkar hafa sýnt þessu framtaki velvild og við vonum að þú bætist í þann hóp.

Dæmi 2

Kæri gestur

Við hjá [nafn fyrirtækis] störfum í [viðkvæmu/ brothættu/ fjarlægju/ heillandi/ áhugaverðu – þitt val á orðum] umhverfi, sem er heimili fyrir [samfélagið okkar og margar sjaldgæfar tegundir dýra og gróðurs]. Umhverfið okkar er einnig mikilvægt [vegna stórbrotinnar náttúru /menningar/arfleiðar]. Til þess að styðja við [umhverfið/ og/eða samfélagið okkar] viljum við reyna að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif eins og kostur er.

Þú getur hjálpað okkur að bera virðingu fyrir umhverfinu með því að styðja ákvæði/hugmyndir okkar varðandi notkun handklæða og líns. Margir gestir velja að nota handklæði oft en einu sinni [og/eða óska eftir að skipt sé um lín sjaldnar], sem þýðir að við getum sparað vatn, orku og þvottaefni. Ef þú velur að nota handklæði þitt aftur vinsamlegast [hengdu það aftur á snagann eða settu það í baðið og við munum skipta því út – þú velur orð sem henta þínu fyrirtæki best] og/eða [skildu þetta blað eftir á rúminu og við munum búa um rúmið þitt með núverandi líni].

Svipað orðalag er hægt að nota ef úrgangur er vandamál.

Ef spjöld eru sett á baðherbergi gesta með ábendingum um handklæði og lín, er gott að setja líka dæmi um hvað hægt sé að gera til að vernda umhverfið. Þannig má draga úr

líkum á að fólki finnist fyrirtækið aðeins hugsa um kostnað og sparnaðaraðgerðir, heldur leggi það áherslu á ábyrgð og umhyggju fyrir umhverfi og gestum.

Dæmi 3

Vertu velkominn til okkar. Þetta er loforð okkar til umhverfisins.

Við hjá [nafn fyrirtækis] vinnum hörðum höndum að því að styðja við þetta fallega [svæði/bær/borg/land/umhverfi] með ýmsum aðgerðum/leiðum í umhverfismálum. Þessar aðgerðir eru ekki allar sýnilegar en sumu gætir þú tekið eftir. Eftirfarandi aðgerðir í umhverfismálum eru t.d. ekki sýnilegar: [salerni með vatnssparandi tækni/verslun í heimabyggð/notkun á lífrænum vörum/notkun endurvinnanlegs timburs/ræktun eigin grænmetis/ jarðgerð lífræns úrgangs fyrir eigin garð/notkun sparpera/notkun skynjara fyrir ljós/lífrænar hreinlætisvörur/hlutir sem ekki er lengur þörf á innan fyrirtækisins gefnir til samfélagsins / litarefni úr grænmeti notuð í kynningarbæklinga fyrirtækisins].

Við [lofum/vinum hörðum höndum– veljið lýsingarorð] að hjálpa til við að/gera það sem við getum til að varðveita þetta [fallega/ töfrandi/ yndislega/ glæsilega/ vingjarnlega/ ótrúlega] svæði með því að gera það sem nefnt er hér að ofan, flestir viðskiptavina okkar styðja viðleitni okkar.

Ef þú hefur áhuga á að hjálpa okkur að huga að umhverfinu, getur þú t.d. notað handklæði þitt oft en einu sinni. Vinsamlegast hengdu handklæðið aftur á snagann ef þú vilt nota það aftur eða skildu það eftir í sturtuklefanum og við munum skipta því út. Ef þú hefur einnig áhuga á að hjálpa okkur að minnka úrgang þá erum við með endurvinnsluástöðu í/á [staðsetning].

Dæmi 4

Velkomin á/til [nafn fyrirtækis]

Við erum mjög ánægð með að þú hefur valið þjónustu okkar hér á/í [svæðinu/bænum/ samfélaginu]. Ef þú vilt hjálpa okkur við varðveislu svæðisins/hefur vilja til að hjálpa okkur [að varðveita/viðhalda/draga úr áhrifum okkar á], auðlindir svæðisins þar sem unnt er, vinsamlegast íhugaðu eftirfarandi atriði:

1. Við reynum alltaf að slökkva ljós og búnað sem ekki er í notkun [eða þegar við yfirgefum herbergi]. Vinsamlegast gerðu það líka.
2. Við látum ekki vatn renna þegar við erum ekki að nota það. Það væri gott ef þú vildir gera það líka/Vinsamlegast gerðu það líka.

3. Við reynum alltaf að minnka úrgang með því að [þitt dæmi]. Við erum með endurvinnsluaðstöðu sem er staðsett [staðsetning], vinsamlegast notaðu aðstöðuna ef þú getur.

4. Við kaupum vörur fyrir rekstur fyrirtækisins í heimabyggð, ef því verður við komið, en það styður við atvinnu í samfélaginu og dregur úr flutningskostnaði.

5. Við gefum [t.d. hlutfall af hagnaði fyrirtækisins] eða [tíma okkar/tíma starfsfólks] til [náttúruverndar og/eða samfélagsverkefna].

6. Ef þú hefur áhuga á að vita meira um þessi mál eða hvað við gerum til að vernda umhverfið, ekki hika við að spyrja okkur.

Við vonum að þú kveðjir/farir frá [nafn fyrirtækis] vitandi að þú [hafir stutt við/aðgerðir] og hjálpað okkur að viðhalda okkar kæra [bær /svæði/borg/land/umhverfi].

Dæmi 5

Við vitum að öll fyrirtæki hafa áhrif á umhverfi og samfélag með starfsemi sinni. Okkar fyrirtæki er engin undantekning. Við reynum að minnka skaðleg áhrif fyrirtækisins með því að [kaupa skynsamlega inn /fara skynsamlega með fjármagn / nota auðlindir skynsamlega/ farga úrgangi á ábyrgan hátt og bjóða umhverfis- og félagslega ábyrga [þjónustu/vöru /upplifun] fyrir [gesti/viðskiptavini] okkar.

Við undirgöngumst að/ásetjum okkur að/skuldbindum okkur til að:

- Þjálfa starfsfólk okkar og gera viðskiptavini/gesti okkar meðvitaða um umhverfisskuldbindingu okkar og veita upplýsingar um hvernig þeir geta tekið þátt.
- Veita birgjum upplýsingar um umhverfismarkmið okkar og óska eftir stuðningi við að ná markmiðunum.
- Halda áfram að bæta okkur í umhverfismálum á svæðinu.
- Fræða gesti okkar um ávinning af umhverfis- og samfélagslegri ábyrgð.
- Huga að eftirfarandi þáttum við rekstur fyrirtækisins:
 - Forðast að menga land, loft og vatn.
 - Forðast að eyða náttúrulegum, óendurnýjanlegum auðlindum.
 - Forðast eyðileggingu búsvæða.
 - Koma fram við starfsfólk, birgja og viðskiptavini/gesti af sanngirni og virðingu.

Dæmi 6

Fyrirtæki okkar hefur innleitt eftirfarandi umhverfisstefnu sem felur í sér skuldbindingu um að bæta árangur fyrirtækisins í umhverfismálum, þ.e. í rekstri fyrirtækisins og í þeirri [vöru/þjónustu/upplifun] sem við bjóðum. Þessi leið okkar til sjálfbærni með tíma og reynslu. Við ásetjum okkur því að:

1. Hugsa áður en við kaupum – upplýstar ákvarðandi um innkaup geta hjálpað okkur að: draga úr magni þess hráefnis sem notað er í iðnaðarvörur, koma í veg fyrir mengun lofts og lands, draga úr úrgangi, styðja fyrirtæki í heimabyggðinni og að hvetja til góðra vinnuaðferða heima og erlendis. Þetta getur einnig hjálpað við að stöðva eyðileggingu verðmætra skóga og náttúrulegra búsvæða víða um heim.
2. Hugsa áður en við notum – skilvirk notkun orku, vatns, vöru, eldsneytis og annarra auðlinda, til að tryggja að starfsemi okkar hafi sem minnst áhrif á umhverfið.
3. Hugsa áður en við hendum – endurvinna og jarðgera eins stóran hluta úrgangsins og hægt er, það dregur úr mengun lofts og lands, og minnkar sorpmagn sem fer til urðunar.
4. Vernda villt dýralíf og náttúruleg búsvæði, viðhalda jarðvegi á umhverfisvænan hátt, sem hjálpar við að tryggja að innlend tré, skordýr og fuglar þrífist
5. Gæta þess að afrennsli frá eignum okkar mengi ekki ár eða læki.
6. Stuðla að fræðslu og ánægju, vel upplýst starfsfólk er mikilvægur grunnur að velgengni fyrirtækis og upplifun ferðamanna. Fyrirtæki okkar mun þjálfa starfsfólk og upplýsa viðskiptavinum/gesti um það sem við erum að gera og hvernig þeir geti tekið virkan þátt í að hjálpa okkur að vera umhverfisvæn.
7. Fara eftir settum lögum – að starfsemi okkar sé í samræmi við viðeigandi umhverfislög, reglugerðir, starfsleyfi og samþykktir.

Dæmi 7 - yfirlýsing um orkusparnað

- Við bjóðum viðskiptavinum okkar að vera virkir þátttakendur í verndun umhverfisins.
- Við bjóðum viðskiptavinum okkar lykil /spjald sem slekkur á rofum þegar þeir eru úti.
- Viðskiptavinir okkar hafa val um það hversu oft er skipt um handklæði og rúmföt og geta þannig hjálpað til við að huga að umhverfinu með því að draga úr orku- og vatnsnotkun.
- Við látum ekki vatn renna að nauðsynjalausu.

- Við kaupum vörur og þjónustu í heimabyggð, þar sem því verður við komið, til að draga úr eldsneytisnotkun og styrkja heimabyggðina.
- Við leitumst við að nota orkusparandi búnað.
- Við notum sparperur í húsnæði okkar eins og kostur er.
- Við notum hreyfinema fyrir lýsingu þar sem við á.
- Við leitumst við að nota visthæf og sparneytin ökutæki.
- Við bjóðum gestum okkar að nota reiðhjól fyrir styttri ferðir til að sjá það helsta sem svæðið býður upp á, veitum upplýsingar um kolefnishlutlausar samgöngur til að ferðast um Ísland, og aðstoðum við gerð áætlana fyrir flug/ferðir þar sem hægt er [hvað sem er viðeigandi fyrir þitt fyrirtæki].

Dæmi 8 - yfirlýsing um minnkun á úrgangi

[Nafn fyrirtækis] dregur úr myndun úrgangs með því að [þú velur hvað hentar þínu fyrirtæki best]:

- Gefa viðskiptavinum tækifæri á að flokka úrgang.
- Minnka magn úrgangs sem fer til urðunar með því að flokka úrgang til endurvinnslu.
- Lágmarka notkun á umbúðum með því að kaupa ekki inn vörur í litlum einingum (þar sem hver eining er innpökkuð) heldur í stærri einingum, nota skammtara fyrir snyrtivörur á snyrtingum fyrirtækisins, kaupa gæðavörur í heildsölupakkningum, skipta út einnota hlutum fyrir endurnýjanlega hluti.
- Bjóða upp á tölvuaðstöðu fyrir viðskiptavini, svo þeir geti t.d. skoðað fréttir á vefnum frekar en í dagblöðum.
- Prenta ekki út efni af óþörfu og prenta á báðar hliðar blaðs.
- Kaupa vörur frá framleiðendum sem bjóða upp á umhverfisvænar og endurvinnanlegar umbúðir þar sem því verður við komið.
- Forðast að kaupa vörur í of miklum umbúðum.

Dæmi 9 - yfirlýsing um sparnað á köldu vatni

[Nafn fyrirtækis] sparar vatn með því að [þú velur hvað hentar þínu fyrirtæki best]:

- Nota vatnssparandi krana/sturtuhausu, án þess þó að skerða gæðin.
- Nota vatnssparandi uppvottavélar.
- Nota vatnssparandi salerni.

Dæmi 10 - yfirlýsing um minni mengun

[Nafn fyrirtækis] dregur úr vatns-/loft-/ljós-/hávaðamengun með því að [þú velur hvað hentar þínu fyrirtæki best]:

- Nota aðeins hreinsiefni sem ekki eru eitruð og brotna niður í náttúrunni.
- Þvo ökutæki fyrirtækisins á sérstökum þvottaplönum þar sem hreinsiefni fara ekki út í náttúruna
- Einangra húsnæði fyrirtækisins fyrir hávaða.
- Stilla ökutæki fyrirtækisins reglulega til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og mengandi efna.
- Nota ljósnema fyrir lýsingu utandyra svo það trufla ekki dýralíf/nágranna.
- Nota aðeins umhverfismerktar vörur/ofnæmisprófaðar vörur á snyrtingum.
- Nota vörur úr heimabyggð eða vörur sem fengnar eru með sanngjörnum viðskiptaháttum (fair trade).
- Nota náttúrulegar vörur í stað kemískra efna ef kostur er.
- Fara með rafhlöður og flúrperur/halógenperur í endurvinnslu.
- Láta ökutæki ekki vera í gangi meðan beðið er eftir farþegum.
- Þjálfa og fræða starfsfólk reglulega varðandi útblástur og mengun.
- Koma á skilvirkari starfsemi hvað varðar orku, svo sem með því að draga úr notkun ökutækja, huga að reglulegu viðhaldi ökutækja og stuðla að verslun í heimabyggð.

Dæmi 11 - yfirlýsing um skynsamleg innkaup/náttúruvernd

[Nafn fyrirtækis] setur sér það markmið að stuðla að skynsamlegum innkaupum / styðja við verndun villtra dýra / styðja við endurbyggingu/endurreisn í heimahéraði / endurnýtingu skóga með því að [þú velur hvað hentar þínu fyrirtæki best]:

- Tryggja að allt prentað efni og vörur séu unnið með sjálfbærni að leiðarljósi, þar sem því verður við komið.
- Kaupa umhverfismerktar vörur.
- Leggja sitt af mörkum til (góðgerðamála/samfélagsmála/náttúruverndar).
- Styðja við uppbyggingu íslenskra skóga/verndun dýralífs (útskýra frumkvæði).
- Stuðla að innkaupum í heimabyggð, það hjálpar til við að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda vegna samgangna.
- Veita viðskiptavinum tækifæri til að leggja sitt af mörkum til samfélagsins/ að læra um nærumhverfi okkar með því að... (útskýra).

Dæmi 12 - yfirlýsing um Samfélagslega ábyrgð

[Nafn fyrirtækis] er hluti af samfélaginu og setur sér það markmið að gegna samfélagslegri ábyrgð með því að [þú velur hvað hentar þínu fyrirtæki best]:

- Gefa framleiðsluvörur eða notaðan búnað til samfélagsverkefna, s.s. skóla og góðgerðamála.
- Tryggja að hlutfall af hagnaði fyrirtækisins sé lagt til samfélagsins/náttúruverndar á einhvern hátt.
- Styðja við svæðisbundin verkefni/verðlaun.
- Kaupa handverk/listaverk sem framleidd eru í heimabyggð eins og kostur er.
- Veita heimamönnum atvinnutækifæri fyrst, ef mögulegt er.
- Bjóða tækifæri til starfspróunar með aðgangi að þjálfun, þátttöku í námskeiðum ofl.
- Vera í góðu samstarfi og samskiptum við nærsamfélagið (dæmi).
- Virkja sér umhverfisstefnu fyrirtækisins.

